

# ÁRBÓK

HÁSKÓLA ÍSLANDS

FYRIR

SKÓLAÁRIÐ 1911-1912

FYLGIRIT:

STÚFS SAGA.

GEFIN ÚT Í FYRSTA SINN EFTIR HANDRITUM

AF BIRNI MAGNÚSSYNI ÓLSEN.

REYKJAVÍK 1912

---

**Efnisyfirlit**

I.	Stofnun háskólans .....	3
II.	Stjórn háskólans .....	18
III.	Kennarar háskólans og starfsmenn .....	19
IV.	Stúdentar .....	21
V.	Kenslan .....	23
VI.	Próf .....	33
VII.	Söfn háskólans .....	40
VIII.	Fjárhagur skólans 1911 .....	41
IX.	Styrkveitingar .....	42
X.	Sjóðir .....	44
XI.	Hátíðir .....	49
XII.	Afstaða háskólans út á við .....	50
	Fylgiskjöl I.-XI. ....	51
	Stúfs saga .....	79

## I. Stofnun háskólans.

### 1. Tildrög.

Jafnskjótt sem Alþingi Íslendinga var endurreist, tók þörfin á æðri mentastofnun, sem sameinaði í sjer alla hina andlegu krafta þjóðarinnar, að gera vart við sig. Á hinu fyrsta Alþingi, sem haldið var árið 1815, bar Jón Sigurðsson fram uppástungu um »þjóðskóla« á Íslandi, »er veitt geti svo mikla mentun sjerhverri stjett, sem nægir þörfum þjóðarinnar«. Þetta er hinn fyrsti vísir háskólahugmyndarinnar. Mál þetta fjell þá niður, enn í stað þess hneigðist hugur manna að því að koma á hjá sjer hinum nauðsynlegustu undirbúningsskólum fyrir embættismenn landsins. Prestaskólinn var settur á stofn árið 1847. Innlend læknakensla komst á 1862, enn þó ófullkomin, þangað til úr því var bætt að nokkru með lögum um stofnun læknaskóla 11. febr. 1876. Aftur á móti komst lagaskóli ekki á fyr enn með lögum 4. mars 1904 og tók þó ekki til starfa fyr enn 1. okt. 1908, þegar fje hafði verið veitt til hans í fjárlögum.

Háskólahugmyndin lifði þó altaf í kolunum. Á Alþingi 1881 bar Benedikt Sveinsson fram frumvarp um stofnun háskóla, enn málið varð ekki útrætt á því þingi. Samskonar frumvarp kom fram á næsta þingi 1883, borið upp af sama manni, og var samþykkt sem lög frá Alþingi, þó með þeirri breytingu, að nafnið »landsskóli« var sett í stað háskólanafnsins, enn lögunum var synjað staðfestingar af konungi. Á næsta þingi 1885 kom málið fram í efri deild, enn var felt frá umræðu og í þess stað tekið upp lagaskólafrumvarp. Enn var málinu hreyft á Alþingi 1891, enn var felt frá 2. umræðu í efri deild, og á Alþingi 1893 var samþykkt háskólafrumvarp, enn því var sem fyr synjað staðfestingar. Öll þessi frumvörp, sem borin vóru upp á árunum 1881-1893, fóru í rauninni ekki fram á annað enn að sameina þá embættismannaskóla, sem til vóru fyrir, prestaskólann og læknaskólann, og bæta við lagakenslu.

Í þinglok 1893 vóru hafin samskot til að koma á fót »Háskólasjóði Íslands«, og safnaðist nokkuð fje bæði innan lands og utan.

Nú lá málið í þagnargildi um hríð, þangað til því var hreyft á Alþingi 1907. Þá var samþykkt þingsályktunartillaga í neðri deild þess efnis, að skora á landsstjórnina að endurskoða löggin um lagaskóla, læknaskóla og prestaskóla og semja frumvarp um stofnun háskóla, er verði lagt fyrir Alþingi 1909.

## **2. Lög sett um stofnun háskóla og laun háskólakennara. Fje veitt til háskólans. Háskólakennarar settir. Rektor og deildaforsetar kosnir.**

Samkvæmt þingsályktun neðri deildar Alþingis 1907 bjó þáverandi ráðherra, Hannes Hafstein, málið undir næsta þing á þann hátt, að hann fal forstöðumönnum hinna æðri mentastofnana - Jóni Helgasyni, forstöðumanni prestaskólans, Lárusi H. Bjarnason, forstöðumanni lagaskólans, og Guðmundi Björnssyni, forstöðumanni læknaskólans - að semja frumvarp til laga um stofnun háskóla. Sniðu þeir frumvarp sitt að miklu leyti eftir hinum nýju háskólalögum Norðmanna og ljetu því fylgja frumvarp um laun háskólakennara. Þessi frumvörp lagði stjórnin síðan fyrir Alþingi 1909, hið síðarnefnda alveg óbreytt, enn hið fyrnefnda með örlitlum breytingum. Frumvörp þessi voru síðan samþykkt af þinginu óbreytt í öllum meginatriðum, afgreidd frá þinginu sem lög og bæði staðfest af konungi 30. júlí 1909 (fylgiskjal I og II). Þó gátu lög þessi ekki komið til framkvæmda fyrst um sinn, því að það ákvæði var sett inn í löggin um stofnun háskóla, að háskólinn skyldi ekki taka til starfa, fyr enn fje væri veitt til hans í fjárlögum. Alþingi 1911 rak smiðshöggið á, þar sem það veitti fje til háskólans í fjárlögum fyrir árin 1912 og 1913 (fylgiskjal III) og skaut inn í 5. grein fjárukalaga fyrir 1910-1911 lið þess efnis, að Háskóli Íslands skyldi settur 17. júní 1911 (á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar), enn háskólakennarar þó ekki taka laun fyr enn frá 1. okt. s. á.

Til þess að fullnægja fyrirmælum fjárukalaganna, útvegaði þáverandi ráðherra, Kristján Jónsson, konungs staðfesting á þeim 8. júní 1911, og setti síðan þá menn, sem nú skal greina, til að gegna háskólakennaraembættum fyrst um sinn til 30. september 1911. Próffessorar voru settir: í guðfræðisdeild sjera Jón Helgason og sjera Haraldur Níelsson, í lagadeild Lárus H. Bjarnason, Einar Arnórsson

og Jón Kristjánsson, í læknadeild Guðmundur Björnsson og Guðmundur Magnússon, í heimspekisdeild dr. Björn M. Ólsen og Ágúst Bjarnason. Dócentar voru settir: í guðfræðisdeild sjera Eiríkur Briem og í heimspekisdeild Hannes Þorsteinsson. Aukakennarar í læknadeildinni voru hinir sömu, sem áður við læknaskólann.

Almennur kennarafundur háskólans var haldinn 10. júní 1911, og var þar kosinn rektor háskólans prófessor dr. Björn M. Ólsen. Sama dag voru haldnir deildarfundir og þessir kosnir deildarforsetar: í guðfræðisdeild prófessor Jón Helgason, í lagadeild prófessor Lárus H. Bjarnason, í læknadeild prófessor Guðmundur Magnússon, í heimspekisdeild prófessor Ágúst Bjarnason.

### 3. Stofnunarhátíð Háskóla Íslands 17. júní 1911.

Stofnunarhátíð háskólans var haldin, eins og til stóð, 17. júní 1911, í neðri deildar sal Alþingishússins og hófst á hádegi.

Fyrst var sunginn undir forustu tónskáldsins Sigfúsar Einarssonar *fyrri kafla* af kvæðaflokki, sem Þorsteinn skáld Gíslason hafði ort, svo hljóðandi:

I.

*Kór.*

Þú ljóssins guð! á líknsemd þína  
vjer lítum allra fyrst  
og biðjum: Lát þú ljós þitt skína  
á lítinn, veikan kvist!  
Haf, heilög sól, á honum gætur,  
gef honum kraft að festa rætur,  
og verm þú hann, svo vísir smár  
hjer verði síðar stór og hár!

Vjer þráðum lengi þessa stundu  
og þennan bjarta dag  
sem signing yfir sæ og grundu  
og sól - með bættum hag.  
Hjer menning vor skal vaxa' og dafna  
og vorum bestu kröftum safna,

sem verði fyrir land og lýð  
að lífæð menta' á nýrri tíð.

Með ást til lands hvert verk skal vinna  
og vernda góðan arf.  
Að þessum vísi hlúa' og hlynnna  
er háleitt, göfugt starf.  
Vor þjóðarást skal honum hlúa,  
því hjer skal rækt til landsins búa.  
Í fastri trú sje framtíð hans  
þjer falin, guð vors ættarlands.

II.

*Sóló.*

Öld fylgir öld  
í eilífðar keðju,  
sumrinu vetur,  
sólunni nótt.  
Kynslóðir fæðast,  
kynslóðir deyja.  
Eilíf er gáta  
upphaf og lok.

*Kór.*

Þótt mannanna þekking sje markað svið  
og mælt vjer ei geiminn fáum,  
til ljóssins að sannleika leitum við  
svo langt sem með huganum náum.  
Hver veit þá, er þeirri lýkur leit,  
hve langt vjer að endingu sjáum?

*Sóló.*

Mest þráir visku  
margfróður andi;  
sírýnið auga  
sjón þráir mest.  
Ætíð mun opna

undrandi huga  
þekkingin áður  
ókunnan heim.

*Kór.*

Vjer trúum á gildi menta' og mátt:  
að markið í æfi lýða  
sje, þekking og vísindi' að hefja hátt  
með hugsjónum nýrra tíða.  
Vjer trúum á sannleikans sigurmátt,  
- það sje, fyrir hann að stríða.

Síðan flutti landritari Klemens Jónsson ræðu. Las hann fyrst upp svo hljóðandi símskeyti frá konungi vorum, Friðriki hinum áttunda, og hlýddu allir á standandi:

*»Idet jeg paa denne mindedag mødes med alle Islændere i erindringen om folkets store fører og talsmand, beder jeg Dem frembære mine ønsker om, at det Universitet, som til minde om hans store livsgæring indstiftes paa denne dag, maa blive til ære for videnskaben og til gavn for land og folk«.*

Þá kallaði rektor háskólans: *„Lengi lift konungur vor Friðrik hinn áttundi“*, og tók öll samkoman undir það með níföldu *»húrra«*.

Síðan rakti landritari sögu háskólamálsins líkt og gert er hjer að framan, og lauk ræðu sinni á þessa leið:

*»Og svo, með því að fjárukalög fyrir árin 1910 og 1911 mæla svo fyrir, að Háskóli Íslands skuli settur í dag, og með því að þau hafa verið staðfest af H. H. konunginum 8. þ. m., og með því að settir hafa verið til bráðabirgða prófessorar og kennarar við háskólann, og þeir hafa aftur kosið sjer rektor og dekana í deildunum, þá er löglegur undirbúningur fenginn fyrir því, að fullnægja skilyrði laganna um stofnun háskólans, og lýsi jeg því þess vegna yfir fyrir hönd landsstjórnarinnar, að Háskóli Íslands er hjer með afhentur háskólaráðinu, til þess að hann taki til starfa lögum samkvæmt. Quod felix faustumque sit«.*

Því næst hjelt rektor háskólans svolátandi ræðu:

Háttvirta samkoma!

Fyrir hönd háskólaráðsins og kennara háskólans tek jeg á móti hinni nýju stofnun úr höndum landsstjórnar og lýsi yfir því, að Háskóli Íslands er á stofn settur.

Jafnframt leyfi jeg mjer að frambera alúðar þakkir allra, sem að háskólanum standa, bæði kennara og námsmanna, til landsstjórnarinnar fyrir stofnun háskólans. Vil jeg þar fyrst og fremst biðja menn að minnast vors allra mildasta ástsæla konungs, Friðriks 8., með því að standa upp. Hann hefur staðfest háskólalögin og fjárveitinguna til háskólans með undirskrift sinni, og nú hefur hann sent háskólanum hlýjar heillaóskir á vígsluhátíð hans. Þar næst leyfi eg mjer að minnast Alþingis Íslendinga, sem hefur samþykkt lögin og veitt það fje, sem til þurfti, og loks þeirra þriggja ráðherra, sem að þessu máli hafa unnið, einn með því að leggja fyrir Alþingi frumvarp til háskólalaganna, annar með því að útvega staðfesting konungs til þessara laga og undirskrifa þau með konungi, og hinn þriðji með því að útvega staðfesting konungs til fjárveitingarinnar og koma háskólalögunum til framkvæmda.

Áður enn jeg held lengra áfram í ræðu minni, finn jeg mig knúðan til að biðja um umburðarlyndi yðar, heiðruðu áheyrendur. Jeg finn sjálfur best til veikleika míns og hve mikið vantar á, að jeg geti til nokkurrar hlítar staðið í þeim sporum, sem jeg nú stend í, þegar jeg á svo að segja að marka hið fyrsta spor þessarar stofnunar. Til þess að geta snortið hina rjettu strengi í brjóstum yðar, þyrfti jeg að hafa mælsku Demosþenesar og speki Platós. Enn í stað þess verður ræða mín harla einföld og óbrotin.

Við þetta tækifæri finst mjer liggja nærri, að vjer reynnum fyrst að gera oss grein fyrir því frá almennu sjónarmiði, hvað háskóli eiginlega er eða á að vera, hvert sje markmið háskóla og starf, og hverja þýðing slíkar stofnanir hafa fyrir þjóðfjelögin og alþjóð hins mentaða heims, og því næst að vjer snúum oss að þessum hvítvoðungi vorum, sem nú er í reifunum, og hugleiðum, hvað Háskóli Íslands er nú, og hvað hann á að verða í framtíðinni.

Jeg skal taka það fram, að jeg hef orðið háskóli í þeirri merkingu, sem það hefur í háskólalögunum. Orðið þýðir þar beinlínis sama,



sem lat. orðið *universitas*, sem allar mentaðar þjóðir hafa tekið upp til að tákna hinar æðstu mentastofnanir sínar.

Háskólahugmyndin er gömul í mannkynssögunni. Akademía Platós og fleiri grískir heimspekingaskólar voru í rauninni nokkurs konar háskólar, og fleiri slíkir skólar komu upp í rómverska ríkinu á keisarátímunum. Enn nafnið *universitas* kemur ekki upp fyr enn á miðöldunum og þýðir í upphafi samfjélag mentamanna (*universitas magistrorum et scholarium*). Háskólarnir voru þá nokkuð einhæfir. Elsti háskóli í Norðurálfu, skólinn í Salerno á Ítalíu, var upphaflega varla annað enn læknaskóli. Háskólinn í Bologna, næstelsti háskóli á Ítalíu, var aðallega lagaskóli. Og við háskólann í París sat guðfræðin og hin skólastiska heimspeki í öndvegi. Þetta var og eðlilegt á miðöldunum, því að þá var vísindalífið einfalt og óbrotið og vísindagreinar þær, sem menn stunduðu, fáar að tölu. Enn eftir því sem vísindaiðkunum fór fram og menn tóku að leggja stund á eða jafnvel að skapa frá rótum fleiri og fleiri vísindagreinar, eftir því víkkaði verkahringur háskólanna, eftir því tóku þeir að teygja sig út yfir fleiri og fleiri vísindagreinar. Við þetta breyttist einnig þýðing orðsins *universitas*, og nú leggja menn vanalega, að minsta kosti í Norðurálfunni, þá þýðing í þetta orð, að það sje stofnun, sem grípur yfir allar þær fræðigreinar, sem mannsandinn nú leggur stund á, og þær verða altaf fleiri og fleiri, því að vísindastefna nútímans fer í þá átt að skifta vinnunni milli margra, þannig að hver velji sjer sitt sjerstaka viðfangsefni, og við það hafa sumpart skapast nýjar fræðigreinar og sumpart hafa hinar gömlu fræðigreinar klofnað sundur í sjerstakar greinar.

Markmið háskóla er fyrst og fremst þetta tvent:

- 1) að *leita sannleikans* í hverri fræðigreini fyrir sig, - og
- 2) að *leiðbeina* þeim, sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.

Með öðrum orðum: háskólinn er *vísindaleg rannsóknarstofnun* og *vísindaleg fræðslustofnun*.

Í þessu sambandi get jeg ekki bundist þess að drepa á afstöðu háskólanna við landsstjórnina eða stjórnarvöldin í hverju landi fyrir sig. Reynslan hefur sýnt, að *fullkomið rannsóknarfrelsi* og *fullkomið kenslufrelsi* er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að starf háskóla geti blessast. Á miðöldunum voru oft háskólar settir á stofn við

biskupsstóla eða klaustur, og gefur að skilja, að klerkavaldið, sem rjedi slíkum stofnunum, var þröskuldur í vegi fyrir frjálsum vísindaiðkunum. Síðar, einkum eftir reformationina, settu konungar eða aðrir stórhöfðingjar oft háskóla á stofn og lögðu fje til þeirra. Þóttust þeir því hafa rjett til að leggja höft á rannsóknarfrelsi og kenslufrelsi háskólanna, og hafði það hvervetna hinar verstu afleiðingar. Frjáls rannsókn og frjáls kensla er eins nauðsynleg fyrir háskólana og andardrátturinn er fyrir einstaklinginn. Landsstjórnin á því að láta sjer nægja að hafa eftirlit með því, að háskóla skorti ekki fje til nauðsynlegra útgjalda og að þeir fylgi þeim lögum, sem þeim eru sett, enn láta þá að öðru leyti hafa sem frjálsastar hendur um starf þeirra og málefni.

Enn hafa flestir háskólar hið þriðja markmið, og það er að veita mönnum þá undirbúningsmentun, sem þeim er nauðsynleg, til þess að þeir geti tekist á hendur ýms embætti eða sýslanir í þjóðfjlaginu. Þetta starf háskólanna er mjög nytsamlegt fyrir þjóðfjlagið. Það er ekki, eða þarf að minsta kosti ekki að vera strangvísindalegt, heldur lagar það sig eftir þörfum nemendanna.

Góðir háskólar eru gróðrarstöðvar mentalífs hjá hverri þjóð sem er, sannkallaðar uppeldisstofnanir þjóðarinnar í besta skilningi. Út frá góðum háskólum ganga hollir andlegir straumar til hinna ungu mentamanna og frá þeim út í allar æðar þjóðarlíkamans. Þessir straumar hafa vekjandi áhrif á þjóðernistilfinninguna, enn halda henni þó í rjettum skorðum, svo að hún verður ekki að þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi. Sannmentaður maður elskar þjóðerni sitt og tungu, enn hann miklast ekki af þjóðerni sínu, fyrirlítur ekki aðrar þjóðir nje þykist upp yfir þær hafinn. Slíkt er heimskra aðal. Yfir höfuð að tala verður það andlega gagn, sem góðir háskólar vinna þjóð sinni, seint tölum talið eða mælt í ílátum.

Enn auk þess víkkar hver sæmilegur háskóli sjóndeildarhring þjóðar sinnar út yfir landamæri hennar til als hins mentaða heims. Hver háskóli fyrir sig má heita borgari í hinni miklu republica scientiarum. Milli háskóla heimsins er náíð samband, eins og eðlilegt er, þar sem þeir vinna allir að hinu sama marki í flestum greinum. Eftirleitin eftir hinum huldu sannindum vísindanna er þeim öllum sameiginleg. Því eru háskólarnir kosmopolitiskar stofnanir, um leið og þeir eru þjóðlegar stofnanir, og hefur reynslan sýnt, að þetta tvent

fer ekki í bága hvort við annað. Þetta band milli háskóla heimsins verður æ sterkara og sterkara. Háskólarnir í Norðurálfu og háskólarnir í Vesturheimi skiftast nú á að senda hvorir til annara kennendur sína til að halda fyrirlestra. Hitt hefur verið allt um langan tíma, jafnvel síðan á miðöldum, að nemendur fara frá einum háskóla til annars til að fullkomna sig í námi sínu. Nýtt dæmi þeirrar samúðar, sem háskólar bera hvor til annars, er símskeyti, sem jeg hef rjett í þessu fengið frá Kristíaníu Háskóla, og skal jeg leyfa mjer að lesa það upp. Þetta skeyti frá háskóla frændþjóðar vorrar er sannkallað gleðiefni fyrir alla þá, sem að háskóla vorum standa.

»Noregs Háskóli sendir Háskóla Íslands (»Søsteruniversitetet«) í Reykjavík sína bestu kveðju á vígsludeginum og býður því að senda fulltrúa til 100 ára minningar vorrar 5. og 6. september«.

Þetta samband milli háskóla heimsins er eitt af þeim táknum tímanna, sem benda í þá átt, að þess sje ef til vill ekki langt að bíða, að upp muni renna nýr »Fróðafriður« og að róstur og styrjaldir hverfi úr sögunni. Enn hvernig sem það nú fer, þá er það víst, að háskólarnir eru einn hinn helsti frömuður alheimsmenningarinnar.

Eftir þessar almennu athugasemdir hverf jeg nú að Háskóla Íslands.

Hann er eigi að eins hinn yngsti háskóli heimsins, heldur einnig hinn minsti og einhver hinn ófullkomnasti. Þetta er eðlilegt, því að efni vor eru smá, og vjer verðum að sníða oss stakk eftir vexti. Enn það verður að segja það, eins og það er. Vjer megum ekki gera oss neinar gyllingar eða þykjast hafa himin höndum tekið, þó að vjer höfum fengið mentastofnun með háskólanafni. Því að eins getum vjer gert oss vonir um að laga smátt og smátt það, sem áfátt er, ef vjer sjálfir lokum ekki augunum fyrir því, sem á brestur. Og oss brestur bæði mikið og mart. Þrjár af deildum háskólans standa að vísu á gömlum merg, þær sem til eru orðnar upp úr eldri skólum: guðfræðisdeildin, lagadeildin og læknadeildin, og þær eru best úr garði gerðar, að því er snertir kenslukrafta. Enn þó er varla við því að búast fyrst í stað, að þær geti sett markið mikið hærra enn það, að vera góðar undirbúningsstofnanir fyrir embættismenn, eins og

gömlu skólarnir voru áður. Þetta er ekki talað af neinu vantrausti til embættisbræðra minna við þessar deildir. Þvert á móti ber jeg hið besta traust til þeirra allra. Heimspækisdeildin stendur þó enn ver að vígi. Þar er einn kenslustóll í heimspeki, einn í íslenskri tungu og íslenskri menningarsögu og einn í sögu Íslands. Þeir sem vita, hve nauðsynlegt það er fyrir hvern mann, sem vill læra íslensku til nokkurrar hlítar, að kunna önnur germönsk mál, t. d. sjer í lagi gotnesku, og jafnvel hin fjarskildari indoeuropeisku mál, svo sem fornindversku, og að bera nokkurt skyn á samanburðarmálfræði, þeir geta farið nærri um, hve mikil vöntun það er, að ekki er neinn kenslustóll í öðrum málum enn íslensku og enginn í samanburðarmálfræði. Líka er hætt við, að kenslan í Íslandssögu komi ekki að fullum notum, þar sem enginn kenslustóll er í almennri sagnfræði og enginn í sögu annara Norðurlandþjóða. Jeg tek þetta að eins fram sem dæmi þess, hve mikið vantar við heimspækisdeildina, af því að það er svo bagalegt fyrir kensluna í íslenskum fræðum. Stærðfræðisdeild og náttúruvísinda vantar alveg.

Það vantar því mikið á, að Háskóli Íslands fullnægi þeim kröfum, sem menn eru vanir að gera til háskóla nú á dögum, og er þess þó ógetið, að háskólinn á enn ekkert hús fyrir sig og eigur varla svo teljandi sje. Til er að vísu Háskólasjóður frá gamalli tíð, enn hann mun ekki nema miklu. Auk þess hefur einn veglyndur borgari þessa bæjar, kaupm. Bened. Þórarinsson, gefið háskólanum stóra og höfðinglega gjöf, að upphæð 2000 kr., á stofnunardegi hans. Gjafabryfið hljóðar svo:

»Til háskólaráðsins.

Í minningu þess, að Háskóli Íslands er settur í dag, gef jeg honum 2000 - tvö þúsund - krónur, sem verði sjóður hans til þess að verðlauna íslensk rit vísindalegs efnis.

Peningarnir fylgja með brjefi þessu, enn skipulagsskrá mun jeg senda innan skamms.

Virðingarfylst

Ben. S. Þórarinsson«.

Ef margir fara að dæmi þessa heiðursmanns, er von um, að

Háskólanum safnist fje með tímanum. Jeg kann honum alúðarfylstu þakkir í nafni stofnunarinnar.

»Öll frumsmíð slendur til bóta«. Háskóli vor á að stefna að því að laga smátt og smátt það sem áfátt er, svo að hann fullnægi kröfum tímans. Margir háskólar hafa byrjað í smáum stíl, og síðan vaxið smátt og smátt. »Mjór getur verið mikils vísir«. Og þó að háskólinn fyrst í stað fullnægi ekki öllum kröfum nútímans, þá verður þó varla annað sagt, enn að hann bæti úr hinum bráðustu þörfum hinnar íslensku þjóðar. Þó að háskólinn sje ekki sem fullkonnastur, þá er hann þó sniðinn eftir þörfum vorum, og »hollt er heima hvað«. T. d. munu allir játa, að kenslustólarnir í íslenskum fræðum bæta úr brýnni þörf, ef kennararnir duga. Vjer höfum ástæðu til að vona, að háskólinn verði með tímanum gróðrarstöð nýs mentalífs hjá þjóð vorri, og sjá allir hve ómetanlegt gagn það getur orðið fyrir menning vora og þjóðerni að hafa slíka stofnun hjer innanlands. Meira að segja viljum vjer vona, að háskólinn geti, þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla. Háskóli vor verður að nota sjer það samband, sem er á milli allra háskóla heimsins, einkum með því að styrkja unga efnilega námsmenn til að fara til annara háskóla að afloknu námi hjer. Annars er hætt við, að sjóndeildarhringur þeirra verði þröngur og að háskóli vor, einkum meðan hann er ófullkominn, verði að nokkurs konar kínverskum múr, sem byrgi fyrir útsýnina til alheimsmenningarinnar.

Að íslenska þjóðin væntir sjer góðs af háskólanum, það hefur Alþingi Íslendinga sýnt með því að ákveða, að stofnun hans skuli fara fram á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Jeg vil biðja menn að minnast hans með því að standa upp. Nafn þessa óskasonar Íslands, sem um leið var ágætur vísindamaður, er þannig frá upphafi markað á skjöld háskólans. Ef hann mætti líta upp úr gröf sinni og sjá alt, sem gert er þennan dag til að heiðra minningu hans, hvar sem nokkrir Íslendingar eru saman komnir, þá er jeg sannfærður um, að hann mundi ekki síst gleðjast af þeirri athöfn, sem hjer fer fram. Vjer vonum, að háskólinn, þegar hann tekur til starfa, muni ekki bregðast þeim vonum, sem þing og þjóð gerir sjer um hann. Framtíð háskólans er undir því komin, að honum takist æ betur og betur að ávinna sjer traust og hylli þjóðarinnar, því að það er hún, sem ber

hann uppi af almanna fje, og til fulltrúa hennar verður að leita um fjárveitingar til allra nauðsynlegra umbóta.

Í annan stað er framtíð háskólans komin undir kenslukröftum hans og námskröftum. Það er svo um hverja kenslustofnun, að hún getur ekki þrífist, nema hún eigi góða og samviskusama kennara og námfúsa og ástundunarsama lærisveina. Jeg veit, að þjer, háttvirtu samkennarar mínir, og einnig þjer, kæru námsmenn þessarar stofnunar, eruð gagnteknir af alvöru þessa augnabliks og heitið því hver í sínu hjarta að reynast háskólanum vel og leggja fram alla yðar krafta við kensluna og námið.

Ef vjer allir, sem að stofnuninni stöndum, annars vegar þing og þjóð, hins vegar kennarar og námsmenn, tökum saman höndum og reynum af fremsta megni að hlynna að þessum nýgræðingi, sem nú er gróðursettur, þá eru vonir um, að hann muni með guðs hjálp, þegar fram líða stundir, verða að stóru trje, er veiti skjól íslenskri menningu og sjálfstæðri vísinda rannsókn hjer á norðurhjara heimsins.

Algóði himneski faðir! Vjer biðjum þig að halda þinni almáttugu verndarhendi yfir konungi vorum og fósturjörðu, yfir þjóð vorri og þingi og yfir stjórn þessa lands, yfir samþegnum vorum í Danmörku og öðrum frændþjóðum vorum á Norðurlöndum. Sannleikans guð, þú sem ávöxtinn gefur af allri einlægri sannleiks þrá, af allri einlægri sannleiks leit, vjer biðjum þig að leggja blessun þína yfir hinn unga Háskóla Íslands og yfir alt starf kennenda hans og nemenda.

Floreat Universitas Islandiæ.

Þá var sunginn *síðari kafl*i kvæðafloksins eftir Þorstein Gíslason svo hljóðandi, og stýrði herra Sigfús Einarsson söngnum:

I.

*Kór.*

Tóm var í tíma,  
týndist sjerhvert orð;  
Ginnunga gríma  
grúfði yfir storð.  
Send frá goðheim Saga  
sólar kom úr átt,

leiddi ljósa daga  
lofts á hvolfið hátt;  
færði í mannheim mentaljós,  
myrkrin rak frá fjalli' og ós,  
vakti alls hins háa hrós,  
hörpustrengjaslátt.

Hjarn var í heimi,  
hjörtu manna kól.  
Geislandi' í geimi  
guðleg braust fram sól,  
friðarboðskap færði,  
feldi brand úr hönd,  
mildri mannúð hrærði  
mannsins hjarta' og önd;  
kveykti loga kærleikans,  
kendi ást til sjerhvers manns.  
Friður mannkyns frelsarans  
færðist yfir lönd.

Ár voru alda  
örlög heimi skráð.  
Visdómsins valda  
völva spann þann þráð.  
Sambönd gímalds geima  
gerði mund sú hög;  
fyrir foldar heima  
fjelagsbandalög.  
Lögum hlýðir lífsins hjól,  
lögmál bindur jörð við sól.  
Dróttir heims við drottins stól  
dómspekt fengu' og lög.

Líkn þú hin ljúfa,  
ljósheims vänsta dís;  
björg jarðarbúa  
besta, mild og vís!

Þegar þrotnar gæfa,  
þín er hjálpin fól.  
Hvað er sælla' en svæfa  
særðra' og veikra kvöl,  
- vera mannkyns heilsu-hlíf,  
hrinda nauðum, bæta kíf,  
græða mein og lengja líf,  
ljetta heimsins böf?

II.

*Kór.*

Ó, vakið, vakið, vættir lands!  
sem vöktuð hjá fámennri, afskektri þjóð  
á reynslunnar tíð, svo þar aldrei dó út  
á arni hin heilaga glóð!  
Verndið, hollvættir landsins, í lengd og í bráð  
vorrar lífssögu dýrasta arf,  
því með lotning við feðranna fornment skal háð  
vort framtíðar-menningar-starf.

Vakið, vættir lands!

Vakið, vættir lands!

Signið, ljósvættir, heilögu hollvættir lands,  
vors háskóla menningar starf!

Þú ljós vors heims! þú heims vors ljós!  
þú heilaga, máttuga alvisku sól!  
Send ylgeisla þína með vermandi vernd  
yfir vaknandi menningar skjól!  
Send viskunnar gætni með vegsögu-þor  
og vaxandi þekkingar ljós!  
Send lærdómsins þroska með lífstrúar-vor  
og listanna síungu rós!

Heilög sannleiks sól!

Heilög sannleiks sól!

Breið þú, sannleikans heilaga, himneska sól,  
yfir háskólann yl þinn og ljós!



Auk samfagnaðarskeytanna frá konungi vorum og háskólanum í Kristíaníu, sem getið er hjer að framan, bárust Háskóla Íslands á stofnunardeginum samúðarskeyti frá gagnfræðaskólanum á Akureyri, bæjarstjórn Akureyrar, fjelagi Færeyinga í Kaupmannahöfn, Ungmennafjlagi á Sunnmæri í Noregi og frá alþjóðafundi kvennfrelsiskvænna í Stokkhólmi.

#### 4. Ráðstafanir til bráðabirgða.

Sumarið 1911 samdi og samþykkti háskólaráðið:

1. Bráðabirgðareglur um starfsvið háskólaráðs og rektors, sem vóru staðfestar af Stjórnarráði Íslands 22. sept. 1911 (fylgiskjal IV).
2. Frumvarp til Bráðabirgðareglugjörðar fyrir Háskóla Íslands, sem var staðfest af konungi 4. okt. 1911 (fylgiskjal V). Síðar var samþykktur Viðauki við þessa Bráðabirgðareglugjörð, sem náði staðfestingu konungs 27. des. 1911 (fylgiskjal VI).

## II. Stjórn háskólans.

Rektor háskólans var þetta háskólaár prófessor dr. Björn M. Ólsen, kosinn til þess starfs á almennum kennarafundi 10. júní 1911, sem áður er sagt.

*Deildarforsetar* voru þessir:

Í guðfræðisdeild: prófessor Jón Helgason,

Í lagadeild: prófessor Lárus H. Bjarnason,

Í læknadeild: prófessor Guðmundur Magnússon,

Í heimspekisdeild: prófessor dr. Ágúst H. Bjarnason,

og voru þeir, eins og fyr var getið, kosnir á deildarfundum 10. júní 1911.

Þessir menn allir, rektor og deildarforsetar, áttu sæti í *háskólaráðinu*.

Af störfum háskólaráðsins, áður enn kensluárið byrjaði, er sagt nokkuð hjer að framan, þar sem getið er um ráðstafanir til bráðabirgða, er háskólaráðið vann að (sjá 17. bls.). Á kensluárinu samdi það frumvarp til Reglugjörðar fyrir Háskóla Íslands, sem væntanlega innan skamms mun ná staðfestingu konungs.

Erindisbrjef setti háskólaráðið starfsmönnum háskólans, ritara og dyraverði, 6. sept. 1912 (sjá fylgiskjal VII og VIII).

Rektor háskólans til næsta háskólaárs (1912-1913) var kosinn á almennum kennarafundi 14. júní 1912 og hlaut kosningu prófessor Guðmundur Magnússon.

Um sama leyti eða litlu síðar voru kosnir *deildarforsetar* á deildarfundum, og hlutu þessir kosningu:

Í guðfræðisdeild: prófessor Haraldur Nielsson,

Í lagadeild: prófessor Jón Kristjánsson,

Í læknadeild: prófessor Guðmundur Hannesson,

Í heimspekisdeild: prófessor Ágúst H. Bjarnason.

### III. Kennarar háskólans og starfsmenn.

Þess er áður getið, hverjir settir voru til bráðabirgða af ráðherra til að gegna kennaraembættum háskólans til 30. sept. 1911.

22. september 1911 voru þessir menn skipaðir af konungi prófessorar við háskólann:

Í guðfræðisdeild: sjera *Jón Helgason*, r. af dbr., áður forstöðumaður prestaskólans, og sjera *Haraldur Níelsson*, áður dócent við prestaskólann.

Í lagadeild: *Lárus H. Bjarnason*, r. af dbr., áður forstöðumaður lagaskólans *Einar Arnórsson*, áður dócent við lagaskólann, og *Jón Kristjánsson*, áður aukakennari við lagaskólann.

Í læknadeild: *Guðmundur Magnússon*, r. af dbr., áður dócent við læknaskólann, og *Guðmundur Hannesson*, áður hjeraðslæknir.

Í heimspekisdeild: *Björn M. Ólsen*, dr. phil., í íslenskri málfræði og menningarsögu, og mag. art. *Ágúst H. Bjarnason*, í heimspeki, áður aukakennari við hinn almenna mentaskóla.

19. september 1911 hafði ráðherra skipað þessa dócenta:

Í guðfræðisdeild: sjera *Sigurð P. Sívertsen*, áður sóknarprest.

Í heimspekisdeild: *Jón Jónsson*, í sögu Íslands, áður aðstoðarbókavörð við Landsbókasafnið.

Aukakennarar í læknadeildinni voru:

*Andrjes Fjeldsted*, augnlæknir.

*Ásgeir Torfason*, efnafræðingur.

*Jón Hj. Sigurðsson*, hjeraðslæknir.

*Ólafur Þorsteinsson*, eyrna-, nef- og hálslæknir.

*Sæmundur Bjarnhjedínsson*, holdsveikralæknir.

*Vilhelm Bernhöft*, tannlæknir.

*Þórður Sveinsson*, geðveikralæknir.

Þessir veittu kenslu sem prívatdócentar:

Í læknadeild:

Landlæknir *Guðmundur Björnsson*, hjelt fyrirlestra um heilbrigðislöggjöf Íslands.

Í heimspekisdeild:

*Agrégé A. Courmont*, kendi franska tungu og bókmentasögu

Frakka.

*Helgi Jónsson*, dr. phil., hjelt fyrirlestra um jurtafræði.

Starfsmenn voru skipaðir þessir:

Ritari: *Jón læknir Rósenkranz*, skipaður af ráðherra 19. sept. 1911.

Dyravörður: *Jónas Jónsson*, skipaður af ráðherra 25. sept. 1911.

#### IV. Stúdentar.

Háskólaárið 1911-1912 sóttu háskólann þessir innritaðir stúdentar, allir útskrifaðir úr Reykjavíkurskóla.

Aftan við nöfnin, er greint það ár, sem hver útskrifaðist, og, með rómverskum tölum, einkunnin við burtfararpróf (I., II. eða III.), þar sem ekki er greind stigatalan.

*Guðfræðisdeildin:*

1. Ásmundur Guðmundsson, 1908, I. ág.
2. Jakob Kristinsson, 1911, 52 stig.
3. Sigurður Sigurðsson, 1910, 58 stig.
4. Tryggvi Þórhallsson, 1908, I.
5. Vigfús Ingvar Sigurðsson, 1909, II.

*Lagadeildin:*

6. Andrjes Björnsson, 1905, I.
7. Árni Jónsson, 1911, 69 stig.
8. Björn Pálsson, 1904, I.
9. Böðvar Jónsson, 1901, I.
10. Eiríkur Einarsson, 1909, II.
11. Hjörtur Hjartarson, 1908, II.
12. Jón Ásbjörnsson, 1910, 60 stig.
13. Jón B. Jónsson, 1902, III.
14. Jón Þórarinn Sigtryggsson, 1908, I.
15. Jónas Stephensen, 1909, III.
16. Ólafur Lárusson, 1905, I.
17. Páll Eggert Ólason, 1905, I.
18. Páll Pálmason, 1911, 72 stig.
19. Pjetur Magnússon, 1911, 68 stig.
20. Sigurður Sigurðsson, 1908, II.
21. Steindór Gunnlaugsson, 1911, 52 stig.
22. Þorsteinn Þorsteinsson, 1910, 58 stig.

*Læknadeildin:*

23. Árni Arnason, 1906, I.
24. Árni B. P. Helgason, 1907, II.
25. Árni Gíslason, 1908, II.
26. Axel Böðvarsson, 1911, 57 stig.
27. Bjarni Snæbjörnsson, 1909, I.
28. Björn Jósefsson, 1907, II.
29. Einar E. Hjörleifsson, 1911, 70 stig.
30. Guðmundur Ásmundsson, 1909, II.
31. Halldór Hansen, 1910, 58 stig.
32. Halldór Kristinsson, 1909, II.
33. Helgi Skúlason, 1910, 62 stig.
34. Johannes Askevold Johannessen, 1906, I.
35. Jón Jóhannesson, 1909, II.
36. Jón Kristjánsson, 1904, II.
37. Jón Ólafsson, 1911, 54 stig.
38. Jónas Jónasson, 1909, I. ág.
39. Konráð Ragnar Konráðsson, 1906, I.
40. Kristin Ólafsdóttir, 1911, 60 stig.
41. Magnus Björnsson, 1908, I.
42. Ólafur Gunnarsson, 1907, I.
43. Sveinn Valdimar Sveinsson, 1907, I.
44. Vilmundur Jónsson, 1911, 76 stig.
45. Þórhallur Jóhannesson, 1910, 79 stig.

## V. Kenslan.

### Guðfræðisdeildin.

Prófessor *Jón Helgason*:

Hann las fyrir: *Trúfræði* (aftur að sakramentunum) 3 stundir á viku fyrra misserið, en 5 stundir á viku síðara misserið.

Fór með yfirheyrslu yfir *almenna kirkjusögu* frá upphafi til vorra tíma, 3 stundir á viku bæði misserin, og yfir *kirkjusögu Íslands* fram að siðabót, 2 stundir á viku fyrra misserið.

Loks hjelt hann *skriflegar æfingar í almennri kirkjusögu* 1 sinni á viku (3 stundir í senn) fyrri hluta síðara misseris.

Prófessor *Haraldur Níelsson*:

Hann fór með yfirheyrslu vandlega yfir *Markúsarguðspjall* eftir gríska textanum, yfir *Lúkasarguðspjall* í íslenskri þýðing (þó hraðara yfir þá kafla, sem sameiginlegir eru við Markúsar- eða Matteusarguðspjall), 4 stundir á viku fyrra misserið, en 3 stundir síðara misserið.

Ennfremur fór hann vandlega yfir *Rómverjabrjefið* á grísku 3 stundir á viku fyrra misserið og yfir *Galatabrjefið* og *Jakobsbrjefið* (1,1-2,13) í íslenskri þýðing, 2 stundir á viku, síðara misserið.

Loks hjelt hann fyrra misserið *skriflegar æfingar í siðfræði* með þeim nemendum, sem lengst voru komnir, 1 sinni á viku (2 stundir í senn).

Dócent *Sigurður P. Sívertsen*:

Hann fór með yfirheyrslu vandlega yfir *Jóhannesarguðspjall*, *fyrsta Jóhannesar-* og *fyrra Pjetursbrjef*, öll í íslenskri þýðing, 4 stundir á viku bæði misserin. Sömu leiðis fór hann með yfirheyrslu yfir þessi rit hraðlesin: *Postulasöguna*, *Hirðisbrjefin*, *Fílemonsbrjef*, þau af *almennu brjefunum*, sem ekki skulu vandlesin, *Hebreabrjefið* (kap. 1-11) og *Opinberunarbókina* (kap. 1-2), 3 stundir á viku fyrra misserið og 2 stundir hið síðara.

Ennfremur fór hann með yfirheyrslu yfir *bókmentasögu Nýja testamentisins* (alla), 3 stundir á viku síðara misserið.

Loks hafði hann *verklegar æfingar* í ræðugjörð 1 sinni á hálfum mánuði, 2 stundir í senn, og í *barnaspurningum* 1 sinni á viku, hvorttveggja fyrra misserið.

### Lagadeildin.

Prófessor Lárus H. Bjarnason kendi:

1. *Aðaldrætti 1. og 2. borgararjettar,*
2. *1. borgararjett,*
3. *ríkisrjett og þjóðarjett.*

Prófessor Einar Arnórsson kendi:

1. *Hlutarjett,*
2. *rjettarfar,*
3. *rjettafsögu.*

Prófessor Jón Kristjánsson kendi:

1. *2. borgararjett að undanteknum hlutarjetti,*
2. *refsirjett.*

Kenslanfór fram í 2 skeiðum.

Annað skeiðið, fyrra kenslumisserið, stóð frá 1. okt. 1911 til 15. febr. 1912, og hitt, síðara kenslumisserið, frá 15. febr. til 31. maí 1912. Þá hætti kensla vegna embættisprófsins, sem byrjaði 1. júní.

Fyrra kenslumisserið var farið yfir:

1. Mestan hluta *aðaldráttu 1. og 2. borgararjettar*. Gengu til þess 2 stundir á viku, og sóttu þær 4 stúdentar, allir yngstu stúdentarnir.
2. *1. borgararjett*. Gengu til þess 2 stundir á viku, og sóttu þær 8 stúdentar, allir elstu og næstelstu stúdentarnir.
3. *Sjerstaka part kröfurjettarins og rithöfundarjett*. Gengu til þess 4 stundir á viku, og sóttu þær elstu og næstelstu stúdentarnir.
4. *Ríkisrjett*. Gengu til þess 4 stundir á viku, og sóttu þær allir elstu og næstelstu stúdentarnir.
5. *Refsirjett*. Gengu til þess 6 stundir á viku, og sótti þær megnið af stúdentunum.
6. *Rjettarfar* (um almenn einkamál í hjeraði og sáttamál). Gengu til



Þess 5 stundir á viku, og sóttu þær yngstu og næstyngstu stúdentarnir.

7. *rjettarsögu (ríkisrjett)*. Gengu til þess 3 stundir á viku, og sóttu þær flestir, nema yngstu stúdentarnir.

Síðara kenslumisserið var farið yfir:

1. Það sem eftir var *aðaldráttu 1. og 2. borgararjettar* frá fyrra misseri, 6 stundir á viku framan af misserinu, og sóttu þær yngstu stúdentarnir.

2. *1. borgararjett* að undanteknum svokölluðum einkarjetti. Gengu til þess 6 stundir á viku, og sóttu þær yngstu og næstyngstu stúdentarnir.

3. Það sem eftir var af *sjerstaka parti kröfurjettarins* frá fyrra misseri og *sjórjett*. Gengu til þess 3 stundir á viku, og sótti þær megnið af elstu og næstelstu stúdentunum.

4. *Þjóðarjett*, er ekki hafði unnist tími til að fara yfir á fyrra misserinu. Gengu til þess 3 stundir á viku í mai, og sóttu þær elstu stúdentarnir.

5. *Refsirjett (sjerstaka partinn)*. Gengu til þess 6 stundir á viku, og sóttu þær yngstu og næstyngslu stúdenfarnir.

6. *Rjettarfar* (sakamál, gestarjettar og önnur afbrigðileg mál, löghald og lögbann og skiftarjettarmál). Gengu til þess 5 stundir á viku, og sóttu þær yngstu og næstyngstu stúdentarnir.

7. *Rjettarsögu* (persónu-, sífja- og kirkjurjett). Gengu til þess 3 stundir á viku, og sóttu þær flestir, nema yngstu stúdentarnir.

Við kensluna notuðu kennararnir sumpart skrifaða fyrirlestra frá lagaskólanum og sumpart prentaðar bækur, aðallega danskar kenslubækur, með úrfellingum og innskotum eftir þörfum.

1. Við yfirferð *aðaldráttu 1. og 2. borgararjettar* var notaður: Den borgerlige Ret eftir próf. H. Munch-Petersen.

2. Í *1. borgararjetti* voru notaðar kenslubækur fyrv. próf. J. H. Deuntzers: Personret, Familieret, Arveret.

3. Í *2. borgararjetti* var notuð Haandbog i Obligationsretten, almindelig og speciel Del, eftir próf. Jul. Lassen, og sjórjettur eftir próf. Jón Kristjánsson.

4. Í ríkisrjetti voru notaðir fyrirlestrar eftir próf. Lárus H. Bjarnason, og í þjóðarjetti Folkeret eftir próf. H. Matzen.

5. Í refsirjetti var notað: Strafferettens almindelige Del eftir próf. C. Torp og Straffereftens specielle Del eftir fyrv. próf. Goos.

6. Í rjettarfari var notað: Civilprocessen I eftir próf. H. Munch-Petersen, Arrest og Forbud og Den danske Skifteret eftir fyrv. próf. J. H. Deuntzer, Dómstólar og rjettarfar á Íslandi eftir próf. Einar Arnórsson og skrifaðir fyrirlestrar.

Kenslan fór aðallega fram með yfirheyrslum. Auk þess skiftust kennararnir á að hafa skriflegar æfingar með elstu og næstelstu stúdentunum.

### Læknadeildin.

Prófessor Guðmundur Magnússon:

1. *Handlæknisfræði:*

a) Fór í fyrra misserinu með yfirheyrslu og viðtali yfir *handlæknissjúkdóma á útlimum* með eldri nemendum í 3 stundum á viku, og í síðara misserinu, í 3 stundum á viku, yfir *handlæknissjúkdóma á höfði og hálsi*. Til grundvallar við kensluna var lögð Wullstein & Wilms: Lehrbuch der Chirurgie.

b) Fór með yfirheyrslu og viðtali í 1 stund á viku, bæði misserin, yfir *almenna handlæknisfræði* með yngri nemendum. Til grundvallar við kensluna var lögð Marwedel: Allgemeine Chirurgie.

c) Hafði æfingar í *handlæknisaðgerðum* á líki, með elstu nemendum, og voru þeir látnir framkvæma helstu *handlæknisaðgerðir*. Síðara misserið fækst ekkert lík til þessara æfinga.

d) Veitti tilsögn 2 stundir á viku í *handlæknisvitjun* við ókeypis læknishjálp háskólans. Nemendur framkvæmdu sjálfir minniháttar *handlæknisaðgerðir*.

e) Ljet nemendur daglega vera við stofugang í St. Josephs spítala, og eldri nemendur rannsaka og ýmist skrifa sjúkdómslýsingar af sjúklingum með *handlæknissjúkdóma* eða skýra munnlega frá sjúkdómi þeirra og meðferð. Einnig voru þeir við meiriháttar *handlæknisaðgerðir*, og tóku hinir elstu þátt í því að aðstoða

kennarann við þau verk. Venjulega stóðu allar þessar æfingar 1-1½ stund á dag.

f) Hafði með elstu nemendum *skriflegar æfingar í handlæknisfræði*, 1 sinni í mánuði.

2. Hann fór með yfirheyrslu og viðtali með yngri nemendum í 3 stundum á viku, bæði misserin, yfir *lífðlisfræði*. Halliburton's Handbook of Physiology var notuð við ken sluna.

3. Hann fór enn fremur með yfirheyrslu og viðtali með yngri nemendum í 3 stundum á viku, bæði misserin, yfir *almenna sjúkdómafræði*. Ziegler's Allgemeine Pathologie var notuð við ken sluna.

Prófessor Guðmundur Hannesson:

1. a) *Líffærafræði (systematisk)*:

Fór í fyrra misserinu með fyrirlestrum yfir beinafræði og nokkra kafla úr vefjafræði. Með viðtali og yfirheyrslu var þvínæst farið yfir liðfræði, vöðvafræði, æðafræði og nokkurn hluta taugafræði. Í síðara misserinu fór hann yfir það, sem eftir var af taugafræði, heila og mænuhöfuð, húð, innýfli, skynfæri, þvagfæri og getnaðarfæri. Richter: Grundriss der Anatomie var notuð við ken sluna.

Til ken slu þessarar gengu 5 ken slustundir á viku bæði misserin.

b) *Líffærafræði einstakra svæða (topografisk)*:

Fór í fyrra misserinu með viðtali og yfirheyrslum yfir einstök svæði útlíma í 1 ken slustund á viku, og í síðara misserinu í 1 stund á viku yfir grynnri svæði höfuðs, háls og búks.

c) *Líffærafræði verkleg (dissectio)*.

Ekkert lík fjkst fyrra misserið, en síðari hluta síðara misseris tóku nokkrir nemendur þátt í þesskonar æfingum og greindu mestan hluta líffæra á útlimum, búk og hálsi. Stúdentar úr yngstu deild greindu vöðva og taugar á hundsskrokk.

2. Fór með viðtali og yfirheyrslum í 2 stundum á viku, bæði misserin, yfir *heilbrigðisfræði*. Gärtner's Leitfaden der Hygiene var notaður við ken sluna.

3. Fór með viðtali og yfirheyrslu í 2 stundum á viku, bæði misserin, yfir *yfirsetufræði*. Brandt: Lærebok i Födselshjælp var notuð við ken sluna. Síðari hluta síðara misseris hafði hann *verklegar æfingar í fæðingarhjálp* á konulíkani, 2 stundir á viku.

Aukakennari *Jón Hj. Sigurðsson*, hjeraðslæknir:

*Lyflæknisfræði:*

a) Fór með eldri nemendum með yfirheyrslu og viðtali í 4 stundum á viku, bæði misserin, yfir sótt næma sjúkdóma, sjúkdóma í öndunarfarunum, í hjarta og æðum, í munni, koki og vælinda, og magasjúkdóma, ennfremur heilasjúkdóma og taugaveiklanir. J. Frhr. v. Mering: Lehrbuch der inneren Medizin var notuð við kenningu.

b) Veitti tilsögn í aðgreiningu og meðferð sjúkdóma við ókeypis lækningu háskólans 2 stundir á viku, bæði misserin.

c) Hafði æfingar í *sjúkravitjun* og í að skrifa sjúkdómslýsingar yfir sjúklinga í St. Josephs spítala, eftir því sem verkefni fækst, bæði misserin.

d) Ljet elstu nemendur skrifa ritgerðir úr *lyflæknisfræði* við og við, bæði misserin.

e) Fór með yfirheyrslu og viðtali með yngri nemendum yfir *rannsóknaraðferðir* á sjúklingum með *lyflæknissjúkdóma* 1 stund á viku, bæði misserin. Til hliðsjónar notuð Lehrbuch der klinischen Diagnostik eftir Seitert & Müller. Aðferðirnar sýndar verklega, þegar auðið var.

Aukakennari *Sæmundur Bjarnhjedínsson*, spítalalæknir:

1. Fór í fyrri misserinu með yfirheyrslum og viðtali yfir fyrri helming *lyffjafræðinnar* með eldri nemendum í 5 stundum á viku, og í síðara misserinu yfir síðari helminginn. Við kenningu var notuð Poulsson: Farmakologi.

2. Hafði æfingar með elstu nemendum í að þekkja *holdsveiki* 1 stund á viku, bæði misserin.

Aukakennari *Þórður Sveinsson*, spítalalæknir:

1. *Rjettarlæknisfræði*. Fór með eldri nemendum með yfirheyrslum og viðtali yfir Förste og anden Række af Retsmedicinske Forelæsninger eftir K. Pontoppidan og ennfremur var notuð við kenningu Hugo Marx: Praktikum der gerichtlichen Medizin. Til kenningu gekk 1 stund á viku, bæði misserin.

2. Hjelt fyrirlestra um helstu tegundir af *geðveiki*, 1 stund á viku, bæði misserin. Til hliðsjónar var notuð E. Kraepelin: Einführung in

die Psychiatrische Klinik.

Aukakennari *Andrjes Fjeldsted*, augnalæknir:

*Augnasjúkdómar*: Fór með yfirheyrslu og viðtali með elstu nemendum í 2 stundum á viku, bæði misserin, yfir Curt Adam: Augenpraxis. Ennfremur voru lesnir nokkrir kaflar úr Michel: Klinischer Leitfaden der Augenheilkunde. Auk þess hafði hann verklegar æfingar, 1 stund á viku, bæði misserin, í að greina augnasjúkdóma og skoða og ákveða sjónskerpu sjúklinga.

Aukakennari *Ólafur Þorsteinsson*, háls-, nef- og eyrnalæknir:

Kendi eldri nemendum *háls-, nef- og eyrnasjúkdóma* með fyrirlestrum, yfirheyrslu og viðtali, 1 stund á viku síðara misserið. Kayser: Kehlkopf-, Nasen- und Ohrenkrankheiten var notuð við kenningu.

Auk þess veitti hann tilsögn, við ókeypis lækning háskólans, í aðgreining og meðferð á þessum sjúkdómum 1 stund á viku, bæði misserin.

Aukakennari *Ásgeir Torfason*, efnafræðingur:

Fór með yfirheyrslum í 4 stundum á viku, í fyrra misserinu, með yngstu nemendum yfir *ólífræna efnafræði*. Notuð var við kenningu Odin Christensen: Uorganisk kemi.

Ennfremur hafði hann, bæði misserin, 3 x 3 stundir á viku æfingar í *ólífrænni efnarannsókn*. Voru nemendur æfðir í að þekkja helstu sýrur og basa og greina þessi efni í sundur í margvíslegum efnablöndum.

Í síðara misserinu fór hann með yfirheyrslum og viðtali í 4 stundum á viku yfir *lífræna efnafræði* (Odin Christensen: Organisk Kemi). Auk þess hafði hann æfingar í *ólífrænni efnarannsókn* 3 síðustu mánuðina 2 stundir á viku. Var farið með nemendum í helstu eggjahvítuefni, kolahydröt og fituefni; auk þess mjólk og þvag.

Aukakennari *Vilhelm Bernhöft*, tannlæknir:

Hafði verklegar æfingar í *tannaútdrætti og fylling tanna*, 1 stund á viku, bæði misserin.

Landlæknir *Guðmundur Björnsson*  
hjelt fyrirlestra um *heilbrigðislöggjöf Íslands* 1 stund á viku, síðara  
misserið.

### Heimspekisdeildin.

I. Háskólamisserið frá 1. okt. 1911 til 15. febr. 1912.

Prófessor, dr. phil. *Björn M. Ólsen*:

1. Haldnir fyrirlestrar um *Bókmentasögu Íslendinga*. Fyrst lesinn almennur inngangur til bókmentasögunnar og sjerstaklega til sögu skáldakveðskaparins; síðan farið yfir sögu skáldakveðskaparins frá elstu tímum aftur að Einari skálaglamm eftir röðinni í hinni íslensku bókmentasögu Finns Jónssonar (Khöfn 1904-1905), sem höfð var til hliðsjónar. Tvær stundir á viku.

2. Farið yfir *Völuspá* og *Brymskviðu* (munnlegar æfingar). Tvær stundir á viku.

3. Farið yfir *Íslendingabók Ara fróða* (munnlegar æfingar). Tvær stundir á viku.

Í sambandi við hinar munnlegu æfingar var skýrð *málfræði íslenskrar tungu* eftir ágrípi Finns Jónssonar (Khöfn 1908).

Prófessor, dr. phil. *Ágúst H. Bjarnason*:

las fyrir ágríp af almennri rökfræði og inngang að sálarfræðinni. Að þar til fenginni undanþágu byrjaði kenslan ekki fyr en 15. nóv., en til þess að bæta upp það, sem úr hafði fallið, las kennarinn alla virka daga frá 15. nóv. og til misserisloka.

Dócent *Jón Jónsson*:

Fór í fyrirlestrum yfir *frumaldalíf Norðurlandabúa* (stein-, bronze- og fyrri hluta járnaldar), *vikingaferðir* (einkum vestur um haf) og *upphaf siðmenningar á Norðurlöndum*. Ein stund á viku fyrst framan af, og síðan tvær stundir.

Agrégé *A. Courmont* hjelt:

1. Fyrirlestra um *franska bókmentasögu* (leikritaskáld 17. aldar).

Tvær stundir á viku.

2. Æfingar í *frönsku* fyrir byrjendur, og voru lesnir: kaflar úr »Fransk Læsebog for Mellemlklasserne i de højere Skoler« eftir J. Pio; kaflar úr leikritum Molière's; kaflar úr »Gil Blas« (A. R. Le Sage); »La Gageuse Imprévue« (M. J. Sedaine). Tvær stundir á viku.

3. Æfingar í *frönsku* fyrir þá, sem lengra voru komnir, og var lesið: »Le Crime de Sylvestre Bonnard« (A. France); »L'Abbé Daniel« (A. Theuriet); kaflar úr ritum Molière's; kaflar úr »Caractères« eftir La Bruyère; »Les Caprices de Mariane« og »La Nuit de Décembre« (A. de Musset). Tvær stundir á viku.

## II. Háskólamissemið frá 15. febr. til 30. júní 1912.

Prófessor, dr. phil. *Björn M. Ólsen:*

1. Hjelt áfram fyrirlestrum sínum um *Bókmentasögu Íslendinga*, þar sem hann hætti fyrra missemið, og lauk við fyrsta kafla bókmentasögunnar (aftur að árinu 1100). Sami stundafjöldi og áður.

2. Fór yfir og skýrði með munnlegum æfingum Eddukvæðin: *Hávamál* og *Helga kviðu Hundingsbana hina fyrri*. Sami stundafjöldi og áður.

3. Fór yfir 5 hina fyrstu kapítula af *Gunnlaugs sögu orms tungu* með munnlegum æfingum og skýrði jafnframt hin helstu atriði íslenskrar málfræði. Ein stund á viku.

Prófessor, dr. phil. *Ágúst H. Bjarnason:*

1. Fór í *sálarfræði* yfir: *Psykologi i Omrids* eftir H. Höfðing, alla bókina nema kaflana I-IV; og fór síðan aftur með æfingum og yfirheyrslum yfir alla *rökfræðina* og *sálarfræðina*. Fjórar stundir á viku.

2. Hjelt fyrirlestra fyrir almenning, 12 að tölu, um *sögu viðreisnarinnar (renaissancen)* í skáldskap, listum og vísindum. Ein til tvær stundir á viku.

Dócent *Jón Jónsson:*

1. Fór í fyrirlestrum yfir *sögu Haralds konungs hárfagra, bygging Íslands og landnám* og *fyrri hluta sögualdar* (lýst stjórnarskipun og löggjöf og gerð grein fyrir helstu ættum og viðburðum til 980 hjer um bil). Tvær stundir á viku.

2. Las fyrir um sögu- og fornfræðaiðkanir Íslendinga eftir siðaskiftin (menningarástandið á Íslandi á 14. öld og fram að siðaskiftum, annálaritun á seinni hluta 16. aldar og Arngrím lærða og ritstörf hans). Ein stund á viku.

Agrégé A. Courmont:

1. Hjelt áfram fyrirlestrum sínum um *leikritaskáld Frakka á 17. öld* og lýsti aðallega leikritum Molière's. Las síðan fyrir valda kafla úr verkum hans. Sami stundafjöldi og áður.

2. Æfingar í *frönsku* fyrir byrjendur. Vóru notaðar sömu bækur og fyrra misserið. Sami stundafjöldi.

3. Æfingar í *frönsku* fyrir þá, sem lengra voru komnir. Vóru notaðar sömu bækur og fyrra misserið. Sami stundafjöldi.

Dr. phil. Helgi Jónsson:

Hjelt allan marsmánuð fyrirlestra fyrir almenning um *frumdrög jurtafræðinnar*. Tvær stundir á viku.



## VI. Próf.

Samkvæmt Viðauka 27. des. 1911 við Bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands var prófum í guðfræðisdeild á þessu háskólaári hagað eftir reglugjörð prestaskólans 15. ág. 1895, í lagadeild eftir reglugjörð lagaskólans 27. ág. 1908, og í læknadeild eftir reglugjörð læknaskólans 20. maí 1907.

### Guðfræðisdeildin.

*Embættispróf í guðfræði:*

Sumarið 1912 voru 3 stúdentar innritaðir og stóðust allir prófið. Skriflega prófið fór fram dagana 2. og 4. júní, enn munnlega prófið dagana 18. og 19. s. mán. Prófdómendur hafði Stjórnarráðið skipað til 6 ára þá Þórhall biskup Bjarnarson og sjera Bjarna Jónsson dómkirkjuprest, enn af sjerstökum ástæðum dæmdi að eins hinn síðarnefndi um þetta próf.

Verkefni við skriflega prófið voru þessi:

I. Í skýring Nýja testamentisins: Róm. IV. 1.-12.

II. Í siðfræði: Sannsöglisskylda kristins manns og takmörk hennar.

III. Í trúfræði: Eftir að hafa lýst opinberunarstarfsemi Jesú í aðalatriðunum, skal gerð grein þýðingar hennar fyrir endurlausn mannanna.

IV. Í kirkjusögu: Saga rómversku kirkjunnar á 19. öld.

V. Í prjedikun: Lúk 19.1-10 (Tryggvi Þórhallsson).

Matt 5.43-48 (Ásmundur Guðmundsson).

Matt. 25.14-30 (Vigfús Ingvar Sigurðsson).

*Sjereinkunnir við embættispróf í guðfræði sumarið 1912.*

Ásmundur Guðmundsson

Nýja testamentið: d. ÷

Gamla testamentið: á. ÷

Trúfræði: d. +

Siðfræði: d. +

Kirkjusaga: d. +  
Kennimanleg guðfræði: á. ÷  
Prjedikun: d.  
Barnaspurningar: d.  
Kirkjurjettur: d. +  
Aðaleinkunn: I. 93 stig

Tryggvi Þórhallsson

Nýja testamentið: d.  
Gamla testamentið: á. ÷  
Trúfræði: d.  
Siðfræði: d.  
Kirkjusaga: á. ÷  
Kennimanleg guðfræði: d. +  
Prjedikun: d. +  
Barnaspurningar: á. ÷  
Kirkjurjettur: d. +  
Aðaleinkunn: I. 95 stig

Vigfús I. Sigurðsson

Nýja testamentið: v. +  
Gamla testamentið: v. +  
Trúfræði: v. ÷  
Siðfræði: d. ÷  
Kirkjusaga: v. +  
Kennimanleg guðfræði: v.  
Prjedikun: v. +  
Barnaspurningar: d. ÷  
Kirkjurjettur: d. ÷  
Aðaleinkunn: II. 72 stig

### Lagadeildin.

#### *Embættispróf í lögfræði:*

Skriflega prófið stóð dagana 1.-6. júní og gengu undir það 5 stúdentar. Ein skrifleg úrlausn fór fram hvern virkan dag. Munnlega prófið stóð dagana 15.-22. júní, að báðum dögum meðtöldum, og

gengu undir það 4 stúdentar, sem allir stóðust prófið. Einn stúdent gekk frá prófi eftir skriflegu úrlausnirnar. Stjórnarráðið hafði samkv. tillögum deildarinnar skipað þá *Jón Magnússon* bæjarfógeta og *Eggert Briem* skrifstofustjóra prófdómara við lagapróf næstu 6 ár.

Verkefni við skriflega prófið voru þessi:

I. Í 1. borgararjetti: Skýring 26. gr. laga nr. 3, 12. jan. 1900 um fjármál hjóna og samanburður á umráðarjetti konu yfir sjálfsaflafje og umráðarjetti bónda yfir fjelagsbúi.

II. Í 2. borgararjetti: Hverju máli skiftir tilvera aðalskuldar um gildi ábyrgðar?

III. Í refsirjetti: Skýring á 42. gr. hegningarlaganna.

IV. Í rjettarhari: Lýsing á meginreglum um sönnunarbyrði aðilja í einkamálum.

V. Í ríkisrjetti: Hvað liggur í því að alþingiskjósandi á að hafa óflekkað mannorð samkv. 6. gr. stjórnskpl. 3. okt. 1903.

*Sjereinkunnir við embættispróf í lögfræði sumarið 1912.*

Björn Pálsson

I. borgararjettur: 10

II. borgararjettur: 10

Refsirjettur: 10

Ríkisrjettur: 14

Rjettarfar: 10

Rjettarsaga: 7

Aðaleinkunn: II. 61 stig

Böðvar Jónsson

I. borgararjettur: 14

II. borgararjettur: 14

Refsirjettur: 14

Ríkisrjettur: 14

Rjettarfar: 14

Rjettarsaga: 5

Aðaleinkunn: I. 75 stig

Jón Sigtryggsson

I. borgararjettur: 14  
II. borgararjettur: 10  
Refsirjettur: 14  
Ríkisrjettur: 14  
Rjettarfar: 10  
Rjettarsaga: 5  
Aðaleinkunn: I. 67 stig

Ólafur Lárusson

I. borgararjettur: 14  
II. borgararjettur: 14  
Refsirjettur: 14  
Ríkisrjettur: 14  
Rjettarfar: 14  
Rjettarsaga: 7  
Aðaleinkunn: I. 77 stig

### Læknadeildin.

Prófdómandi við öll próf í þessari deild var landlæknir *Guðmundur Björnsson*, skipaður eftir tillögum deildarinnar af Stjórnarráðinu til 6 ára.

#### 1. Upphafspróf:

Undir það gekk einn stúdent í lok fyrra misseris og 7 stúdentar í lok síðara misseris og stóðust allir prófið.

#### 2. Miðpróf.

Í lok síðara misseris gengu 5 stúdentar undir það próf og stóðust allir.

#### 3. Lokapróf.

Í lok fyrra misseris var 1 stúdent innritaður til þess prófs og stóðst það.

Í lok síðara misseris voru 3 stúdentar innritaðir og stóðust allir prófið.

Á árinu hafa því 4 stúdentar lokið embæltisprófi í læknisfræði,

hlutu 3 þeirra fyrstu einkunn, en einn aðra einkunn hina betri.

Verkefni við hin skriflegu próf:

Fyrra misserið:

I. Í lyflæknisfræði: Lýsing á apoplexia cerebri, orsakir sjúkdómsins, þýðing hans og meðferð.

II. Í handlæknisfræði: Steinar í þvaggfærum, einkenni, horfur, meðferð.

III. Í rjettarlæknisfræði: Algengustu barnamorð.

Síðara misserið:

I. Í lyflæknisfræði: Lýsing á einkenninu: gula (icterus), og verkunum þess á líkamann; orsakir og myndun einkennisins; þýðing þess fyrir aðgreining sjúkdóma. Almenn læknismeðferð gulu.

II. Í handlæknisfræði: Áverkar á höfði valda stundum sjúkdómum innan í hausjúpunni. - Hverjir eru þeir, hver eru einkenni þeirra, aðgreining og meðferð?

III. Í rjettarlæknisfræði: Lýsið rjettarlæknisfræðislegri blóðrannsókn og skýrið frá hvernig farið er að ákveða blóðtegundir.

*Sjereinkunnir við embættispróf í læknisfræði veturinn og sumarið 1912.*

Ólafur Gunnarsson

Efnafræði:	15
Líffærafræði:	15
Almenn sjúkdómafræði:	9 2/3
Heilbrigðisfræði:	9 2/3
Lífeðlisfræði:	14
Skrifleg lyflæknisfræði:	7
Munnleg lyflæknisfræði:	14
Lyflæknisvitjun:	9 2/3
Skrifleg handlæknisfræði:	13
Munnleg handlæknisfræði:	13
Handlæknisvitjun:	9 2/3
Handlæknisaðgerð:	9 2/3
Lyfjafræði:	11 1/3
Yfirsetufræði:	11 1/3
Rjettarlæknisfræði:	11 1/3

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

Aðaleinkunn: I. 173  $\frac{1}{3}$  stig

Árni Árnason

Efnafræði:	16
Líffærafræði:	16
Almenn sjúkdómafræði:	15
Heilbrigðisfræði:	15
Lífeðlisfræði:	16
Skrifleg lyflæknisfræði:	15
Munnleg lyflæknisfræði:	15
Lyflæknisvitjun:	11 $\frac{1}{3}$
Skrifleg handlæknisfræði:	13
Munnleg handlæknisfræði:	13
Handlæknisvitjun:	13
Handlæknisaðgerð:	7
Lyfjafræði:	14
Yfirsetufræði:	13
Rjettarlæknisfræði:	13
Aðaleinkunn:	I. 205 $\frac{1}{3}$ stig

Björn Jósefsson

Efnafræði:	9 $\frac{2}{3}$
Líffærafræði:	6
Almenn sjúkdómafræði:	5
Heilbrigðisfræði:	15
Lífeðlisfræði:	6
Skrifleg lyflæknisfræði:	9 $\frac{2}{3}$
Munnleg lyflæknisfræði:	6
Lyflæknisvitjun:	9 $\frac{2}{3}$
Skrifleg handlæknisfræði:	7
Munnleg handlæknisfræði:	5
Handlæknisvitjun:	7
Handlæknisaðgerð:	7
Lyfjafræði:	7
Yfirsetufræði:	9 $\frac{2}{3}$
Rjettarlæknisfræði:	9 $\frac{2}{3}$
Aðaleinkunn:	II. betri 119 $\frac{1}{3}$ stig

Konráð R. Konráðsson	
Efnafræði:	15
Líffærafræði:	15
Almenn sjúkdómafræði:	8
Heilbrigðisfræði:	14
Lífeðlisfræði:	9 2/3
Skrifleg lyflæknisfræði:	11 1/3
Munnleg lyflæknisfræði:	8
Lyflæknisvitjun:	6
Skrifleg handlæknisfræði:	9 2/3
Munnleg handlæknisfræði:	9 2/3
Handlæknisvitjun:	11 1/3
Handlæknisaðgerð:	11 1/3
Lyfjafræði:	9 2/3
Yfirsetufræði:	11 1/3
Rjettarlæknisfræði:	13
Aðaleinkunn:	I. 163 stig

### Heimspækisdeildin.

Prófi í forspjallsvísindum luku þessir nemendur:

Árni Jónsson	.með einkunninni vel.
Axel Böðvarsson	.með einkunninni laklega.
Einar E. Hjörleifsson	.með einkunninni dável.
Jakob Kristinsson	.með einkunninni vel.
Jón Ólafsson	.með einkunninni dável.
Kristín Ólafsdóttir	.með einkunninni ágætlega.
Páll Pálmason	.með einkunninni dável.
Pjetur Magnússon	.með einkunninni ágætlega.
Steindór Gunnlaugsson	.með einkunninni dável.
Vilmundur Jónsson	.með einkunninni ágætlega.
Þórhallur Jóhannesson	.með einkunninni dável.

## VII. Söfn háskólans.

Háskólinn hefur erfð eftir hina eldri embættismannaskóla bækur og kensluáhöld, þar á meðal læknadeildin handlæknisverkfæri, safn af heilbrigðum og sjúkum líffærum, lyfjum o. fl., og hefur verið bætt nokkuð við þessi söfn á þessu ári. Enn söfn þessi eru enn þá í barndómi svo að ekki er unt að gefa skýrslu um þau að sinni.

Þess ber að geta, að prófessor, dr. phil. *Finnur Jónsson* í Kaupmannahöfn hefur sýnt háskólanum það veglyndi, að gefa honum bókasafn sitt eftir sinn dag með erfðaskrá dagsettri 3. apríl 1909 (sjá fylgiskjal IX).



**VIII. Fjárhagur skólans 1911.**

**Skilagrein**

fyrir fje því, sem Háskóli Íslands hefur meðtekið úr landssjóði árið 1911 og háskólaráðið haft hönd yfir.

Tekjur:

1. Ávísað af stjórnarráði Íslands samtals . . . . .kr. 2367.91
2. Vextir í hlaupareikningi í landsbankanum . . . . .kr. 1.26
- Samtals: . . . kr. 2369.17

Gjöld:

1. Laun starfsmanna okt.-des. 1911 . . . . .kr. 400.00
2. Auglýsingakostnaður . . . . .kr. 94.63
3. Prentunarkostnaður . . . . .kr. 118.73
4. Áhöld og viðgerðir . . . . .kr. 425.89
5. Eldiviður, ljós og ræsting . . . . .kr. 855.81
6. Ýms útgjöld . . . . .kr. 474.11
- Jöfnuður . . kr. 2369.17

Skrifstofu Háskóla Íslands í sept. 1912.

*Jón Rósenkranz,*  
ritari.

**IX. Styrkveitingar.**

	Húsaleigustyrkur:	Námsstyrkur
<i>Guðfræðisdeildin:</i>		
Jakob Kristinsson	80.00 kr.	75.00 kr.
Sigurður Sigurðsson	80.00 kr.	75.00 kr.
Vigfús Ingvar Sigurðsson	40.00 kr.	100.00 kr.
Ásmundur Guðmundsson		50.00 kr.
<i>Lagadeildin:</i>		
Andres Björnsson	80.00 kr.	
Árni Jónsson	80.00 kr.	60.00 kr.
Björn Pálsson	80.00 kr.	100.00 kr.
Böðvar Jónsson	80.00 kr.	110.00 kr.
Eiríkur Einarsson	80.00 kr.	90.00 kr.
Hjörtur Hjartarson		75.00 kr.
Jón Ásbjörnsson	80.00 kr.	110.00 kr.
Jón B. Jónsson	80.00 kr.	
Jón Þ. Sigtryggsson	80.00 kr.	100.00 kr.
Ólafur Lárusson		50.00 kr.
Páll E. Ólason	80.00 kr.	75.00 kr.
Páll Pálmason		20.00 kr.
Pjetur Magnússon	80.00 kr.	70.00 kr.
Steindór Gunnlaugsson	80.00 kr.	70.00 kr.
Þorsteinn Þorsteinsson	80.00 kr.	80.00 kr.
<i>Læknadeildin:</i>		
Árni Árnason	80.00 kr.	275.00 kr.
Árni B. P. Helgason	80.00 kr.	130.00 kr.
Árni Gíslason	80.00 kr.	70.00 kr.
Axel Böðvarsson	80.00 kr.	
Bjarni Snæbjörnsson	80.00 kr.	100.00 kr.
Björn Jósefsson	80.00 kr.	200.00 kr.
Einar E. Hjörleifsson	80.00 kr.	

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

Guðmundur Ásmundsson	80.00 kr.	100.00 kr.
Halldór Hansen	80.00 kr.	125.00 kr.
Halldór Kristinsson	80.00 kr.	100.00 kr.
Helgi Skúlason	80.00 kr.	30.00 kr.
Jóhannes A. Jóhannessen	80.00 kr.	
Jón Jóhannesson	80.00 kr.	60.00 kr.
Jón Kristjánsson	80.00 kr.	
Jón Ólafsson	80.00 kr.	
Jónas Jónasson	80.00 kr.	140.00 kr.
Konráð Konráðsson	80.00 kr.	275.00 kr.
Kristín Ólafsdóttir	80.00 kr.	
Magnús Björnsson	80.00 kr.	30.00 kr.
Ólafur Gunnarsson	40.00 kr.	100.00 kr.
Sveinn V. Sveinsson	80.00 kr.	150.00 kr.
Vilmundur Jónsson	80.00 kr.	
Þórhallur Jóhannesson	80.00 kr.	

Af minningarsjóði lectors Helga Hálfðánarsonar voru verðlaunabækur veittar stud. theol. Ásmundi Guðmundssyni.

**X. Sjóðir.**

A.

**Skýrsla  
um styrktarsjóði guðfræðisdeildar  
(áður styrktarsjóðir prestaskólans).**

*I. Prestaskólasjóðurinn.*

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1910:

a) Veðskuldabryf . . . . .	kr. 800.00
b) Bankavaxtabryf . . . . .	kr. 3200.00
c) Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 1751.48
d) Innstæða í Landsbankanum . . . . .	kr. 56.76
e) Hjá reikningshaldara . . . . .	kr. 27.97
	kr. 5836.21

2. Vextir á árinu 1911:

a) Af veðskuldabryfum . . . . .	kr. 33.00
b) Af bankavaxtabryfum . . . . .	kr. 144.00
c) Af innstæðu í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 79.69
d) Af innstæðu í Landsbankanum . . . . .	kr. 2.18
	kr. 258.87

3. Tekjur af keyptum bankavaxtabryfum	kr. 6.00
Samtals	<u>kr. 6101.08</u>

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum . . . . .	kr. 105.00
--	------------

2. Eftirstöðvar við árslok 1911:

a) Veðskuldabryf . . . . .	kr. 600.00
b) Bankavaxtabryf . . . . .	kr. 3500.00
c) Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 1831.17
d) Innstæða í Landsbankanum . . . . .	kr. 49.94

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

e) Hjá reikningshaldara .....	kr. 14.97
	kr. 5996.08
Samtals	<u>kr. 6101.08</u>

*II. Gjöf Halldórs Andrjessonar.*

Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1910:	
a) Veðskuldabryf .....	kr. 1900.00
b) Bankavaxtabryf .....	kr. 1900.00
c) Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 352.42
d) Innstæða í Landsbankanum .....	kr. 43.01
e) Hjá reikningshaldara .....	kr. 3.77
	kr. 4199.20
2. Vextir á árinu 1911	
a) Af veðskuldabryfum .....	kr. 76.50
b) Af bankavaxtabryfum .....	85.50
c) Af innstæðu í Söfnunarsjóði .....	16.03
d) Af innst. í Landsbankanum .....	1.50
	kr. 179.53
3. Tekjur af keyptum bankavaxtabryfum .....	kr. 8.00
Samtals	<u>kr. 4386.73</u>

Gjöld:

1. Styrkur veittur stúdentum .....	kr. 75.00
2. Eftirstöðvar við árslok 1911:	
a) Veðskuldabryf .....	kr. 1600.00
b) Bankavaxtabryf .....	kr. 2300.00
c) Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 368.45
d) Innstæða í Landsbankanum .....	kr. 39.76
e) Hjá reikningshaldara .....	kr. 3.52
	kr. 4311.73
Samtals	<u>kr. 4386.73</u>

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912  
III. Minningarsjóður lectors Helga Hálfðánarsonar.

Tekjur:

1. Eign við árslok 1910:	
a) Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 774.20
b) Hjá reikningshaldara . . . . .	kr. 4.98
	kr. 779.18
2. Vextir á árinu 1911 . . . . .	kr. 33.73
Samtals	<u>kr. 812.91</u>

Gjöld:

1. Greitt fyrir verðlaunabækur . . . . .	kr. 22.00
2. Eign við árslok 1911:	
a) Innstæða í Söfnunarsjóði . . . . .	kr. 783.07
b) Hjá reikningshaldara . . . . .	kr. 7.84
	kr. 790.91
Samtals	<u>kr. 812.91</u>

Guðfræðisdeild Háskólans 14. ág. 1912.

*Jón Helgason,*  
h. a. dec. fac.

B.

**Reikningur**  
**Heiðurslaunasjóðs Ben. S. Þórarinssonar**  
**árið 1911.**

Tekjur:

1. Gjöf Ben. S. Þórarinssonar kaupm. . . . .	kr. 2000.00
2. Vextir til 31. des. 1911 . . . . .	kr. 42.26
	kr. 2042.26
Tekjur samtals	<u>kr. 2042.26</u>

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

---

Gjöld:

Í sjóði 31. des. 1911, geymt í innlánsbók Íslandsbanka:

a) Stofnfje .....	kr. 2000.00
b) Vextir .....	42.26
	kr. 2042.26

Jöfnuður kr. 2042.26

Skrifstofu Háskóla Íslands 31. des. 1911.

*Jón Rósenkranz,*  
ritari.

Sjóður þessi er ætlaður til verðlauna fyrir rit vísindalegs efnis, sjá stofnskrá hans (fylgiskjal X).

C.

Auk þess hafa háskólanum á þessu háskólaári verið afhentir til eignar og umráða þessir sjóðir:

*1. Minningarsjóður Hannesar Hafsteins,*

ætlaður til styrktar íslenskum kvenmönnum, sem stunda nám við Háskóla Íslands, sjá stofnskrá hans (fylgiskjal XI).

Afhent 7. febr. 1912 af formanni og gjaldkera nefndar þeirrar, er stóð fyrir samskotum til sjóðsins, þeim frú Guðrúnu Björnsdóttur og frú Ágústu Sigfúsdóttur .....

frú Ágústu Sigfúsdóttur .....	kr. 1400.00
Afhent 6. júlí 1912 af hinum sömu .....	kr. 100.00
Samtals afhent	<u>kr. 1500.00</u>

*2. Háskólasjóðurinn.*

Stofnskrá enn ósamin.

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

Afhent 18. ágúst 1912 af fyrv. bankastjóra Tryggva Gunnarssyni það fje, sem var í hans vörslum, að upphæð . . . . . kr. 5694.02

Reikningur fyrir þessa tvo síðastnefndu sjóði um árið 1912 mun koma í næstu Árbók.



## XI. Hátíðir.

*Stofnunarhátíðar háskólans 17. júní 1911 er áður getið.*

*Minningarhátíð út af andláti Hans Hátignar Friðriks konungs hins áttunda var haldin á fæðingardag Friðriks konungs 3. júní 1912. Fyrst var sunginn undir forustu tónskáldsins Sigfúsar Einarssonar fyrsti kafli af kvæðaflokki, sem Þorsteinn skáld Gíslason hafði ort. Þá las Jón dócent Jónsson upp miðkafla kvæðafloksins. Þvínæst hjelt rektor háskólans ræðu. Á eftir henni var sunginn síðasti kafli kvæðafloksins undir sömu forustu og fyrsti kaflinn. Bæði ræða rektors, eins og hann hjelt hana, og kvæðaflokkurinn er prentað í »Lögrjettu« 5. júní 1912.*

**XII. Afstaða háskólans út á við.**

Þess er áður getið, að *Háskóli Noregs*, Friðriksháskólinn í Kristíaníu, sendi háskóla vorum heillaóskir á stofnunardegi hans og bauð honum jafnframt að senda fulltrúa til 100 ára minningar Friðriksháskóla 5. og 6. september 1911. Til þeirrar sendiferðar var rektor háskólans kjörinn, og var hann við minningarhátíð þessa af hálfu háskóla vors og flutti frá honum skrautritað ávarp til Friðriksháskóla.

Seint í ágústmánuði 1912 barst háskóla vorum brjef frá forstöðumanninum fyrir Rice Institute í Houston í Texas, herra Edgar Odell Lovett, þess efnis, að nefndur háskóli býður háskóla vorum að senda fulltrúa til stofnunarhátíðar sinnar, sem haldin verður 10., 11. og 12. október 1912. Því miður sá háskóli vor sjer ekki fært að þiggja þelta virðulega boð, heldur varð að láta sjer nægja að senda Rice Institute þakkarkveðju og heillaóskir.

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

---

**Fylgiskjöl I.-XI.**

**Fylgiskjal I.**

**Lög  
um stofnun háskóla  
30. júlí 1909.**

*I. Stjórn háskólans*

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn háskóla.  
Skólinn nefnist Háskóli Íslands.

2. gr.

Í háskólanum skulu fyrst um sinn vera þessar fjórar deildir:  
guðfræðisdeild,  
lagadeild,  
læknadeild og  
heimspekisdeild.

Koma hinar þrjár fyrstu í stað hinna æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla. Enn í fjórðu deildinni skal kenna heimspeki, íslenska málfræði, sögu Íslands og sögu íslenskra bókmenta að fornu og nýju.

3. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.  
Háskólaráðið hefur úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugjörð, sem konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í tje allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sjerstaklega.

4. gr.

Rektor er kosinn á almennum háskólakennarafundi fyrir eitt ár í senn.

Prófessorar einir eru kjörgengir, enn kosningarrjett eiga allir kennarar háskólans.

Sá prófessor er rjett kjörinn rektor, sem fengið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram í lok hvers háskólaárs.

Hafi enginn fengið yflr helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rjett kosinn, sem flest atkvæði fær. Sjeu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, enn ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri fyr enn ár er liðið frá því, er hann ljet af rektorsstörfum.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Verði rektor að fara frá, áður enn rektorsár hans er úti, skal sá af deildarforsetum háskólans, sem elstur er að embættisaldri, hafa störf hans með höndum þangað til nýr rektor getur tekið við.

Rektor tekur við störf um með byrjun háskólaárs.

#### 5. gr.

Rektor og forsetar deildanna fjöggra eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. Enn varaforseta kýs háskólaráðið sjer sjálft úr sínum hóp.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og ef einn þriðji hluti kennara æskja fundar. Sje fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rjett á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, enn atkvæðisrjett eiga þeir ekki.

#### 6. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

### *II. Háskólakennarar og háskóladeildir.*

#### 7. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dócentar og aukakennarar,

enn aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, enn ráðherra dósentana og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenstunnar.

Áður enn kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávalt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

8. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hóp deildarforseta (dekanus) og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, enn rjett hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því, er hann síðast gegndi deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, enn prófessorar einir eru kjörgengir.

9. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum eftir því sem honum líst sjálfum, enn atkvæðisrjett hefir hann þó að eins í sinni deild.

10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kenstuáætlun fyrir sig og skal þar gjörð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs og skýrt frá því, hvernig kennarar hagi kenstu sinni.

11. gr.

Deildarforsetar skulu sjá um, að til sjeu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hveurrar deildar á kenstumisseri því, sem í hönd fer. Enn rektor athugar, áður enn skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær sjeu í samræmi við kenstuáætlanir deildanna.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefur á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast, og hefur umsjón með byggingum háskólans og innanhússmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

*III. Kenslan og nemendurnir.*

13. gr.

Kensluár háskólans skiftist í tvö kenslumisseri; nær annað frá 1. október til 15. febrúar, enn hitt frá 15. febrúar til 30. júní.

14. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda á háskólanum sjálfum að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukenslu, enn tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

16. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf, hvort heldur eru undirbúningspróf eða fullnaðarpróf, skulu haldin í síðasta mánuði kennslumisseris.

Hver deild ræður sjálf hvort hún heldur uppi kenslu meðan á prófi stendur eða ekki.

17. gr.

Hver sá, kona sem karl, er lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rjett á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs, enda sje mannorð hans óflekkað.

Sama rjett getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, er æskir skrásetningar, skal fyrir byrjun kenslumisseris tilkynna það ritara háskólans, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

18. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarbrjef hjá rektor.

19. gr.

Skrásettur stúdent segi forseta þeirrar deildar, sem hann ætlar að stunda nám í, til sín þegar eftir skrásetninguna, enn forseti ritar nafn hans á skrá yfir nemendur þeirrar deildar.

Skifti stúdent um námsgrein ber honum að tilkynna það forseta þeirrar deildar, sem hann áður var í, jafnframt því sem hann lætur skrásetja sig af nýju í deild þeirri, sem hann ætlar sjer eftirleiðis að stunda nám í.

Í byrjun hvers háskólaárs skulu allir stúdentar háskólans rita nafn sitt, bústað sinn og námsgrein í bók, sem geymd er á skrifstoðu háskólans.

20. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, enn skylt að hafa lokið því að minsta kosti tveim misserum áður enn þeir ganga undir embættispróf.

21. gr.

Peir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynt það ritara háskólans að minsta kosti þrem vikum áður enn próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs og tekur ritari háskólans við fjenu.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður enn prófið byrjar.



Enn gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

22. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, enn gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyr enn eftir ár, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenst ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr enn að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðist hefur embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, enn þó ekki fyr enn að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.

23. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði á háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gjört honum hegningu. Enn hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fult og alt.

24. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brotrrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

25. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefur háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er rjettarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

26. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst .lokið, er stúdent hefur hætt námi að fullu og öllu og tilkynt ritara háskólans það, eða hefur ekki sótt háskólann í fjögur kenslumisseri samfleytt.

27. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, enn hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sjer.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

28. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera tveir prófdómarar og skal annar þeirra ávalt vera utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar, og skulu þeir gegna dómastarfinu í 6 ár.

29. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðist hafa prófið, kandídatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

*IV. Doktorar.*

30. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rjett til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sjerstöku prófi.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

31. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgjörð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, enn það selur ritgjörðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Nú er ritgjörðin talin fullnægja þeim kröfum, sem gjöra ber til slíkra vísindalegra ritgjörða, og skal þá umsækjandi láta prenta hana og síðan verja hana á háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

## ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr. og renna þær í háskólasjóð.

### 32. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót, hefur rjett til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, enn tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rjetti sínum, getur háskólaráð svift hann rjettinum.

### 33. gr.

Háskólinn tekur til starfa, þegar veitt er fje til hans í fjárlögum, og ganga þá jafnframt þau lög og lagaákvæði, sem hjer fara á eftir, úr gildi: konungsúrskurður 21. maí 1847 um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla, nema 4. gr.; lög nr. 31, 8. nóvbr. 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, 9. desbr. 1889; lög nr. 3, 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó, að áskildu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks falla þá úr gildi öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

## Fylgiskjal II.

### Lög um laun háskólakennara 30. júlí 1909.

#### 1. gr.

Háskóli Íslands skiftist í 4 deildir: guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dócent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aukakennarar. Aukakennarar eru: Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aukakennarar eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dócent. Annar prófessorinn kennir heimspeki enn hinn íslenska málfræði og menningarsögu. Dócentinn kennir íslenska sagnfræði að öðru leyti.

#### 2. gr.

Prófessorarnir hafa 3000 kr. árslaun að hyrjunarlaunum, enn launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, upp í 4800 kr.

Dócentarnir hafa 2800 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, enn njóta hins vegar nýnefndrar launahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar háskólinn tekur til starfa og eru þá

### ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

---

jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, frá 11. febrúar 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvember 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, frá 9. desember 1889; lög nr. 3, frá 4. mars 1904, um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks eru þá ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

**Fylgiskjal III.**

**Útdráttur úr fjárlögum fyrir árin 1912 og 1913.**

14. gr.

B.

Kenslumál:

I. Til háskólans:

a. Laun .....	34,600 kr.	34,600 kr.
b. Aukakensla:	1912	1913
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík ...	.800kr.	800 kr.
2. Til kennarans í efnafræði .....	.400kr.	400 kr.
3. Til kennarans í lagalegri læknisfræði	300 kr.	300kr.
c. Styrktarfje:		
1. Námsstyrkur .....	.5,400 kr.	5,400 kr.
2. Húsaleigustyrkur .....	.3,600 kr.	3,600 kr.
3. Utanfararstyrkur læknaefna .....	.300 kr.	300 kr.
	9,300 kr.	9,300 kr.
d. Til bókakaupa m. m.		
1. Bókakaup .....	.1,800 kr.	1.800 kr.
2. Umbúðir m. m. við ókeypis klinik	.200 kr.	200 kr.
	2,000 kr.	2,000 kr.
e. Til útgáfu kenslubóka .....	.2,000 kr.	2,000 kr.
f. Eldiviður, ljós og ræsting .....	.1,050 kr.	1,050 kr.
g. Önnur gjöld .....	.650 kr.	650 kr.

Húsaleigustyrk og námsstyrk við háskólann má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, 80 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 280 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum

.....	.51,100 kr.	51,100 kr.
		102,200 kr.

**Fylgiskjal IV.**

**Bráðabirgðareglur  
um starfsvið háskólaráðs og rektors  
22. sept. 1911.**

1. gr.

Rektor háskólans er sjálfkjörinn forseti háskólaráðsins.

Fundi skal halda svo oft sem þörf er á, eða 2 menn úr háskólaráðinu eða 1/3 kennara krefst þess.

Fundur er því að eins lögmætur, að meiri hluti háskólaráðsmanna sæki fundinn.

Á fundinum ræður afl atkvæða. Sju atkvæði jöfn, sker atkvæði forseta úr.

2. gr.

Rektor hlutast til um framkvæmd á ályktunum háskólaráðsins.

3. gr.

Rektor kemur fram af hendi háskólans út á við. Þó getur háskólaráðið gjört aðra ráðstöfun um framkomu á hendi háskólans, standi sjerstaklega á.

4. gr.

Rektor hefur eftirlit með starfsemi háskólans. Hann athugar hvort misserislestöflur háskóladeildanna eru í samræmi við áðursamdar kensluáætlanir. Hann getur tekið þátt í fundum háskóladeilda, enn á þó ekki atkvæði utan deildar sinnar. Hann tekur við tilkynningum kennara um aðra fyrirlestra enn skyldufyrirlestra. Hann gefur út háskólaborgarbrjef til handa skrásettum stúdentum, og doktorsbrjef ásamt hlutaðeigandi deildarforseta handa doktorum. Hann hefur eftirlit með ritara háskólans og öðrum starfsmönnum, er settir kunna að verða við háskólann.

5. gr.

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

---

Verði rektor að fara frá, áður enn rektorsár hans er úti, skal deildarforseti, hinn elsti að embættisaldri, hafa störf hans með höndum, þangað til nýr rektor getur tekið við.

Standi öðruvísi á, gengur varaforseti háskólaráðs í rektors stað.



**Fylgiskjal V.**

**Auglýsing  
um bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands  
4. október 1911.**

*I. Stjórn háskólans.*

1. gr.

Háskólaráðið hefur úrskurðarvald í öllum þeim málum er snerta starfsemi háskólans, svo sem nánar er mælt fyrir um í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Háskólaráðið fer með undirbúning mála þeirra, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í tje allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sjerstaklega.

Áður en núgildandi eða síðar settum ákvæðum um háskólann verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytinguna eða viðaukann.

3. gr.

Háskólaráðið setur ritara háskólans erindisbrjef, svo og öðrum starfsmönnum, er skiðaðir kunna að verða.

*II. Kenslan og nemendurnir.*

4. gr.

Háskólaráðið getur veitt útlending, er lokið hefur stúdentsprófi við lærðan skóla, jafngildan hinum almenna mentaskóla í Reykjavík, rjett til þess að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs enda sje mannorð stúdentsins óflekkað.

5. gr.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráðið gjört honum hegningu. Enn hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir eða brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða þá fyrir fult og alt.

Brottrekstur fyrir fult og alt, fyrir hverja sök sem er, skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

6. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefur hætt námi að fullu og öllu og tilkynnt ritara háskólans það, eða hann hefur ekki sótt háskólann í 4 kenstumisseri samfleytt.

*III. Doktorar.*

7. gr.

Háskólaráðið semur reglur um doktorspróf.

8. gr.

Umsókn um að mega ganga undir doktorspróf skal stíluð til háskólaráðs. Umsókninni skal fylgja vísindaleg ritgjörð og sendir háskólaráðið hlutaðeigandi háskóladeild ritgjörðina til álita og umsagnar.

9. gr.

Æski doktor að halda fyrirlestra við háskólann í vísindagrein sinni, verður hann að tjá háskólaráðinu þá fyrirætlun sína. Misbeiti doktor fyrirlestrarrjettinum, getur háskólaráðið svift hann honum.

10. gr.

Háskólaráðið getur veitt kennurum lausn í bili undan kensluskyldu. Til lausnar um lengri tíma og til ferða út úr landinu eða dvalar þar, meðan stendur á kenslu, þarf aftur á móti samþykki landsstjórnar.

*IV. Ýmisleg ákvæði.*

11. gr.

Stjórnarráðið ávísar háskólaráðinu í upphafi hvers árs, fyrir eitt ár í senn, fjárupphæðir þær, sem veittar eru í fjárlögunum til háskólans.

12. gr.

Háskólaráðið hefur yfirumsjón með sjóðum þeim og öðru fje, er háskólinn á.

13. gr.

Háskólaráðið ráðstafar fje því, sem háskólinn hefur til umráða, hvort heldur úr landssjóði eða úr öðrum sjóðum, innan þeirra takmarka, sem lög eða stofnskrár setja. Þó skal leita álita hlutaðeigandi háskóladeilda, áður en ráðstafað er fje til útgáfu kenslubóka eða styrktarfje til handa námsmönnum.

14. gr.

Háskólaráðið gjörir stjórnarráðinu skilagrein fyrir fje því, er það hefur haft til umráða úr landssjóði um liðið ár, innan loka næstkomandi febrúarmánaðar.

15. gr.

Háskólaráðið hlutast til um, að gefin verði út árlega árbók háskólans, enn í henni á að vera skýrsla um starfsemi háskólans, um söfn hans og sjóði og um það, hvernig farið hefur verið með fje það, sem háskólinn hefur haft til umráða.

16. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

**Fylgiskjal VI.**

**Viðauki**  
**við bráðabirgðareglugjörð fyrir Háskóla Íslands 4. okt. 1911**  
**27. desember 1911.**

Fyrirmæli reglugjörðar 15. ágúst 1895 um próf við prestaskóla Íslands, reglugjörðar 27. ágúst 1908 um próf við lagaskólann og reglugjörðar 20. maí 1907 um próf við læknaskólann skulu gilda um próf þau, sem haldin verða í guðfræði, lögfræði og læknisfræði við Háskóla Íslands árið 1912.

## Fylgiskjal VII.

### Erindisbrjef handa ritara Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Ritarinn sje á skrifstofu háskólans 3 stundir daglega hvern virkan dag, nema á tímabilinu frá 10. júlí til 9. ágúst, þá á hann sumarleyfi.

#### 2. gr.

Ritarinn hefur á hendi alla brjefgjörð í þarfir háskólans og þar að lútandi bókhald.

Skrásetningu sendra og meðtekinna brjefa sje hagað á sama hátt og í stjórnarráðinu, enda sjeu öll brjef skrásett þegar í stað.

#### 3. gr.

Ritarinn hefur á hendi reikningshald fjár þess, sem háskólanum er lagt úr landssjóði og landsfjehirðir greiðir viðtakendum ekki sjálfur. Hann tekur við nefndu fje, geymir það og ráðstafar því eftir ákvæði háskólaráðs.

Fje þetta skal þegar leggja í annanhvorn bankann og geyma þar meðan til vinnst. Greiðslur af hendi háskólans fara fram með ávísun á banka þann, er fje hans geymir, enda hafi háskólaráðið samþykkt greiðsluna.

Jafnóðum og háskólanum gelst einhver upphæð eða eitthvað er goldið af hans hendi, skal færa tekju- eða gjaldaupphæðina í bók er nefnist dagbók.

Hverri blaðsíðu dagbókar sje skift í 5 stuðla. Sje hinn fyrsti fyrir viðtöku- eða greiðsludag, annar fyrir það sem inn eða út er greitt, þriðji fyrir tilvísun til blaðsíðu í svokallaðri aðalreikningsbók, fjórði fyrir upphæð tekna og fimti fyrir upphæð gjalda. Dagbókin sje gjörð upp mánaðarlega.

Auk dagbókar skal vera önnur bók, er nefnist aðalreikningsbók. Í hana skal rita hverja meðtekna og greidda fjárhæð undir sama heiti og greiðslan á samkvæmt fjárlögum. Hver blaðsiða sje 4-stuðluð,

## ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

---

allir hinir sömu stuðlar og í dagbókinni nema tilvísunarstuðullinn. Í aðalreikningsbókina skal færa hverja fjárhæð, þegar er upphæðin hefur verið skráð í dagbókina. Aðalreikningsbókin sje gjörð upp á misserisfresti.

Báðar þessar bækur sjeu tölusettar, gegnumdregnar og löggiltar með innsigli háskólans.

Bankaviðskiftabók háskólans skal gjörð upp jafnoft og samtímis og dagbókin.

### 4. gr.

Ritari skal gjöra háskólaráðinu skilareikning innan 15. febr. ár hvert fyrir þve því, er háskólanum hefur greiðst úr landssjóði umliðið ár. Reikningurinn skal fylgja fjárlögumum lið fyrir lið, enda fylgi skilabref viðtakanda greiðslu hverri.

### 5. gr.

Ritari hefur á hendi reikningshald sjóða þeirra, er háskólinn á eða stjórnar, og gjörir háskólaráðinu reikningsskil fyrir ráðsmensku sinni á þeim eigi siðar enn í lok marsmánaðar.

Hann heldur sjerstaka, löggilta reikningsbók fyrir hvern sjóð.

### 6. gr.

Ritari setji háskólaráðinu 2000 - tvö þúsund - króna veð fyrir gjaldheimtu sinni, og sýni rektor gjaldabækur sinar og bankaviðskiftabók á mánaðarfresti og mun rektor votta það í bókinni.

### 7. gr.

Ritari annast kaup á bókum, kensluáhöldum og öðru í þarfir háskólans, eftir því sem háskólaráð eða deildarforsetar mæla fyrir um.

### 8. gr.

Ritari semur spjaldskrá yfir þær bækur deildanna, er geymdar eru í háskólanum, og skrásetur kensluáhöld, enda sje hver bók og hvert áhald skrásett jafnskjótt og fengið er.

9. gr.

Geti ritari ekki gegnt starfi sínu vegna sjúkdóms eða annara nauðsynja, verður hann að setja mann á sinn kostnað í sinn stað, enda samþykki háskólaráð manninn.

10. gr.

Ræki ritari starfa sinn ekki viðunanlega, getur háskólaráðið swift hann starfanum.

Þannig samþykkt á háskólaráðsfundi 6. september 1912.

*Björn M. Ólsen,*  
rektor.

## Fylgiskjal VIII.

### Erindisbrjef handa dyraverði Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Dyravörður skal sjá um að allar stofur háskólans og anddyrin sjeu ræst vel á degi hverjum, þannig að gólf sjeu þvegin, þurkað ryk af bekkjum og borðum, þrifnir spítubakkar og loftið endurnýjað. Sömuleiðis skal hann sjá um, að stjettin fyrir inngangsdryum sje þrifaleg.

Hann skal sjá um hitun miðstöðvarinnar og að hitaleiðslan sje jafnan í góðu lagi. Skal hann að jafnaði halda 15° hita í stofum þeim, sem notaðar eru í það og það skiftið, nema beðið sje um að auka hann eða minka.

Hann sjer og um ljósfæri háskólans og hafi jafnan gætur á, að gasleiðslan leki hvergi og lampar sjeu þjettir, netin heil og alt í góðu lagi. Skal hann, meðan þörf gerist, jafnan tendra lampana á undan hverri kenslustund í stofum þeim, sem notaðar eru, og slökkva jafnan þegar búið er að nota stofuna.

#### 2. gr.

Dyravörður eða maður, er hann setur í sinn stað með samþykki rektors, skal jafnan vera við í byrjun hverrar kenslustundar. Skal hann nota kensluhljéð milli stunda til að huga að hitanum í stofunum, endurnýja loftið í þeim og kveikja ljós, ef þörf er á, þvo töfluna, leggja fram krít og svampa og önnur kensluáhöld, svo og hyggja að því, að hreint og gott blek sje í byttunum.

#### 3. gr.

Dyravörður skal leiðbeina öllum þeim, sem erindi eiga í háskólann, svo sem með því að vísa á kenslustofur, benda á fatasnaga og salerni og annað það, sem hann er spurður um. Sje aðsókn mikil enn fá sæti, skal hann reyna að útvega sem flestum



sæti, og greiða fyrir þeim á allan hátt.

4. gr.

Dyravörður sjer um, að jafnan sje sápa og hreinar þurkur í þvottaklefanum, svo og pappír á salernunum. Skulu þau þvegin daglega og oftar ef þörf gerist. Hann skal sjá um, að þau sjeu ekki notuð af öðrum, enn þeim, sem eru eitthvað riðnir við háskólann, og að ljósi sje ekki brent þar frekar en þörf er á.

5. gr.

Dyravörður skal jafnan vera boðinn og búinn til að gera það, sem háskólakennarar biðja hann um í þarfir háskólans, og skal hann leysa það svo fljótt af hendi, sem honum er unt. Hann skal og sjá um að jafnan sje einhver til að taka á móti talsímaskeytum.

6. gr.

Nú sýkist dyravörður, eða er fjarverandi með rektorsleyfi, og skal hann þá jafnan setja í sinn stað mann, sem rektor háskólans tekur gildan. Láti dyravörður þetta undir höfuð leggjast, ræður rektor mann í stað hans á hans kostnað, enda hefur háskólaráðið vald til að víkja dyraverðinum frá stöðu hans, ef hann þykir ekki rækja ofangreind störf sín á viðunandi hátt.

Þannig samþykkt á háskólaráðsfundi 6. september 1912.

*Björn M. Ólsen,*  
rektor.

**Fylgiskjal IX.**

**Erfðaskrá prófessors Finns Jónssonar.**

Jeg underskrevne professor ved Københavns universitet, dr. phil. Finnur Jónsson, bestemmer herved som min sidste vilje:

Med min hustru og eneste søns samtykke bortskænker jeg ved min dødelige afgang hele min *bogsamling* således som den til den tid forefindes til mit fædreland Island på følgende nærmere vilkaar:

Skulde et universitet (háskóli) være blevet oprettet på Island til den tid, skal bogsamlingen afleveres til dettes bestyrelse og udgøre en særskilt samling med det formaal for øje at være et videnskabeligt hjælpemiddel ved studiet af nordisk og særlig islandsk sprog, litteratur og historie. Er et sådant universitet ikke oprettet ved min død, bliver bogsamlingen at afgive til landsbiblioteket i Reykjavík, hvor den holdes afsondret i ovennævnte øjemed og til offentlig afbenyttelse, men såsnart et islandsk universitet med nordisk og islandsk sprog, litteratur og historie som lærefag træder i virksomhed, skal bogsamlingen overføres til dette.

Skulde min hustru eller min søn ønske at udtage og beholde nogle bøger, især af skønliterær art, skal dette stå dem frit for, men ved deres død skal de, for så vidt de da forefindes, afleveres til samlingen igen.

Dette testament underskriver jeg tilligemed min hustru og søn i særskilte tilkaldte vidners nærværelse.

København d. 3. april 1909.

*Finnur Jonsson*  
professor ved universitetet.

Ovenstående testament tiltrædes i et og alt.  
d. u. s.

*Emma Jonsson.*

Vi undertegnede, som kender testator personlig, erklærer herved at han har underskrevet foranstående testament egenhændig i vor nærværelse og at han da befandt sig ved sin fornufts fulde brug. Ligeledes blev testamentet tiltrådt af hans hustru og søn, som vi også kender personlig, ved deres egenhændige underskrift i vor nærværelse.

København d. u. s.

*Bogi Th. Melsled*  
mag. art.

*G. Brynjólfsson*  
prakt. læge.

**Fylgiskjal X.**

**Skipulagsskrá  
fyrir Heiðurslaunasjóð Ben. S. Þórarinssonar.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Heiðurslaunasjóður Ben. S. Þórarinssonar« og er eign Háskóla Íslands samkvæmt gjafabréfi mínu, dagsettu á stofndag háskólans, 17. júní 1911.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 kr. - tvö þúsund krónur - og skal ávaxta á jafn tryggilegan hátt og fje ófullveðja manna.

3. gr.

Við höfuðstólinn leggjast árlega vextir og vaxtavextir, nema þegar háskólaráðið veitir einhverjum rithöfundi heiðurslaun, heiðurspening eða því um líkt fyrir framúrskarandi ritverk í hverskyns vísindum sem eru: Eigi má þó veita að heiðurslaunum meira enn þriggja ára vexti í einu.

4. gr.

Uppástungurjett um heiðurslaun hefur hver kennari háskólans, enn veitingarvaldið er hjá háskólaráðinu eftir tillögum þeirrar háskóladeildar, er vísindin heyra undir.

5. gr.

Háskólaráðið hefur á hendi alla stjórn sjóðsins, semur reglugerð fyrir hann og leitar staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík 17. júlí 1911.

*Ben. S. Þórarinsson.*

Staðfest af konungi 10. nóv. 1911.

**Fylgiskjal XI.**

**Skipulagsskrá  
fyrir Minningarsjóð Hannesar Hafsteins.**

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af íslenskum konum á fimtugsafmæli H. Hafsteins, sem þakklætisvottur fyrir aðgjörðir hans í því að útvega konum jafnrjetti við karlmenn til náms og embætta, og nemur nú um áramótin 1400 krónum, skal heita:

Minningarsjóður Hannesar Hafsteins.

2. gr.

Sjóð þenna, ásamt því sem við hann bætist eftirleiðis með gjöfum og samskotum, vöxtum eður á annan hátt, skal fyrst um sinn ávaxta þannig að kaupa fyrir hann bankavaxtabrjef, innlagsskírteini í öðrum hvorum bankanna eða trygg verðbrjef, er gefi sem bestan arð eður vexti.

3. gr.

Vexti alla skal leggja við höfuðstól þangað til sjóðurinn er orðinn fullar 3000 krónur, þá má úthluta hálfis árs vöxtum, þó eigi yfir 70 krónur á ári, uns sjóðurinn nemur 5000 kr., en þá má útbýta 2/3 vaxtanna, má það gjöra þangað til sjóðurinn er orðinn 10,000 kr., þá má úthluta 3/4 hlutum vaxtanna á ári hverju alt þangað til sjóðurinn er orðinn 25,000 kr., enn úr því má úthluta öllum ársvöxtunum.

Pyki ekki tilefni eða ástæða til eitthvert ár að útbýta neinu af vöxtunum skal þá alla leggja við höfuðstól.

4. gr.

Vöxtum þeim, sem samkvæmt framanrituðum ákvæðum má úthluta úr sjóðnum, skal varið til styrktar íslenskum kvenmönnum, sem stunda nám við Háskóla Íslands, á þann hátt og eftir þeim reglum, sem háskólaráðið nánar ákveður.

Skyldi svo að bera, þegar sjóðurinn hefur náð framanrituðu

ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1911-1912

hámarki eða þar yfir, að eigi sje, að dómi háskólaráðsins, alla jafna þörf á eða fullkomin ástæða til að verja vöxtum sjóðsins á þann hátt, sem að ofan greinir, þá skal því heimilt að verja vöxtunum að meira eða minna leyti, í eitt skifti eða oft, til að verðlauna eða styðja vísindalega starfsemi íslenskra kvenna, er útskrifaðar sjeu frá Háskóla Íslands, eða styrkja þær til utanfarar í vísindalegu skyni.

5. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn háskólaráðsins. Það semur árlegan reikning sjóðsins og skal hann birta annaðhvort í Stjórnartíðindunum eða í ársriti því, er háskólinn kann að gefa út, og slíkir reikningar eiga heima í.

6. gr.

Á stofnskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Fyrir hönd gefendanna.

Í samskotanefnd Minningarsjóðs Hannesar Hafsteins.

Reykjavík 12. febr. 1912.

*Guðrún Björnsdóttir*  
formaður.

*Ágústa Sigfúsdóttir*  
fjehirðir.

Staðfest af konungi 4. mars 1912.

# STÚFS SAGA

GEFIN ÚT Í FIRSTA SINN

EFTIR

HANDRITUM

AF

BIRNI MAGNÚSSINI ÓLSEN

FILGIR ÁRBÓK HÁSKÓLA ÍSLANDS 1912

REIKJAVÍK MCMXII  
PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

## Formáli.

### 1. Inngangsorð.

Í sambandi við hina stóru sagnabálka Noregskonunga, sem ritaðir voru hjer á landi á 13. öld ofanverðri og á 14. öld, hafa geimst margir þættir, sem segja frá íslenskum mönnum. Um suma af þessum þáttum vitum vjer firir víst, að þeir eru eldri enn sagnabáلكurinn, sem þeir eru fljettaðir inn í, því að vjer höfum enn í dag sjerstakar sögur, sem þættirnir eru ritaðir eftir. Svo er t. d. um þætti þeirra Eiríks rauða, Hallfreðar vandræðaskálds og Kjartans Ólafssonar í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni meiri; þeir eru ekki annað enn útdrættir úr Eiríks sögu, Hallfreðar sögu og Laxdælu. Af þessu virðist mega ráða, að fleiri af þessum þáttum, eða jafnvel flestir þeirra, hafi verið til sem sjerstakar sögur, áður enn þeir voru teknir inn í sagnabáلكana, þó að sögur þessar sjeu nú ekki framar til í sinni upphaflegu, sjerstöku mind.

Einn af þeim þáttum, sem geimst hefur í sambandi við Noregskonunga sögur, er Stúfs þáttur hins blinda Kattarsonar. Hann er fljettaður inn í Haralds sögu harðráða í Morkinskinnu (Gamle kongel. saml. Nr. 1009, fol.), Huldu (AM. Nr. 66, fol.), Hrokkinskinnu (Gamle kongel. saml. Nr. 1010, fol.) og Flateyjarbók (Gamle kongel. saml. 1005, fol.). Þátturinn hefur sex sinnum verið gefinn út:

1. Í Fornmannasögum VI, 389.-393. bls., í sambandi við Haralds s. harðráða, eftir Huldu með hliðsjón af Hrokkinskinnu.

2. Í Sýnisbók (Prøver) Konráðs Gíslasonar, Kh. 1860, 489.-491. bls., eftir Huldu með hliðsjón af Morkinskinnu.

3. Í Morkinskinnu, útg. Unger's, Kria. 1867, 104.-105. bls. Af því að handritið er skaddað á þessum kafla hefur útgefandinn fílt eiðurnar eftir Flateyjarbók.

4. Í Flateyjarbók, útgáfu Guðbrands Vigfússonar og Unger's, Kria. 1860-1868, III, 379.-381. bls.

5. Í *Analecta norræna*, herausgeg. v. Theodor Möbius, Leipz. 1877, 68.-71. bls., eftir útgáfunni í Fornmannasögum, með hliðsjón af Sýnisbók Konráðs og Morkinskinnu-útgáfu Unger's.



6. Í Fjörutíu Íslendingaþáttum, útg. Þorleifs Jónssonar, Rvík. 1904, 323.-327. bls. Útg. Möbius'ar í Anal. norr. lögð til grundvallar (sbr. formálann XI. bls.).

Merkilegt er, að enginn af hinum lærðu útgefendum þáttarins virðist hafa haft neitt veður af því, að saga sú, sem þátturinn segir frá, væri líka til í annari mind, nokkuð frábrugðinni, því síður, að til væri sjerstök Stúfs saga, sem þátturinn væri runninn frá.

Vorið 1909 rakst jeg á sögu Stúfs í pappírshandriti, sem sistir mín, frú Margrjet Magnúsdóttir, átti þá. Handrit þetta er nú eign Landsbókasafnsins og er þar Nr. 1488, 4°. Jeg sá brátt, að sagan í þessu handriti var frábrugðin þættinum og eldri enn hann, enn efnið svo líkt, að þátturinn hlaut að vera ritaður eftir sögunni. Jeg tók afskrift af sögunni eftir handritinu og sendi hana vini mínum, prófessor Finni Jónssini í Kaupmannahöfn, með athugasemdum mínum, og bað hann grenslast eftir, hvort sagan í þessum búningi væri til á skinni í söfnunum í Kaupmannahöfn. Svaraði hann mjer brátt aftur með vanalegri greiðvikni og góðvild, að sagan í þessari mind væri til í 3 skinnhandritum í Árnasafni, sem síðar munu greind. Lá svo mál þetta í þagnargildi, þangað til jeg kom til Kaupmannahafnar í firra sumar og dvaldi þar nokkra daga. Notaði jeg þá tækifærið til að afskrifa það af þessum skinnhandritum, sem best virtist, og taka orðamun úr hinum. Jeg sannfærðist þá enn betur um, að hjer væri fundin hin *sjerstaka Stúfs saga*, frumrit þáttarins, og er það hún, sem hjer birtist á prenti í firsta sinni.

## 2. Handritin.

### A. Skinnhandrit.

I. AM. Nr. 533, 4° virðist vera elst, og að öllu samtöldu best, af skinnhandritum sögunnar, þeim sem nú eru til, og er það þó ekki gamalt. Að dómi Kr. Kálund's er það ritað snemma á 15. öld, og leifi jeg mjer að skírskota til lísingar hans á handritinu í Katalog over den Arna-Magnæanske håndskriftsamling<sup>1</sup>. Á handritinu, eins og það er nú, standa þessar sögur:

1. Mágus saga.
2. Partalopa saga.
3. Karls þáttur vesæla.
4. Stúfs saga, birjar á aftari blaðsíðu 65. blaðs, og endar neðst á aftari blaðsíðu 67. blaðs.
5. Elis saga.

Handritið hefur verið lengra, enn meira er nú ekki til af því.

II. AM. Nr. 557, 4° virðist vera hjer um bil hálfri öld ingra enn 533, 4°. Kr. Kálund telur það vera frá 15. öld í skrá sinni ifir handrit Árnasafns, og leifi jeg mjer að visa til lísingar hans og til lísingar Jóns Sigurðssonar í formálanum firir Íslendingasögum II. bindi, Kh. 1847, XXVIII. bls. Eftirmind af 4 línnum handritsins er prentuð aftan við útgáfu Gunnlaugs sögu ormstungu, Kh. 1775. Á handritinu standa nú þessar sögur:

1. Valdimars saga.
2. Gunnlaugs saga ormstungu.
3. Hallfreðar saga vandræðaskálds.
4. Hrafns saga Sveinbjarnarsonar.
5. Eiríks saga rauða.
6. Rögnvalds þáttur og Rauðs.
7. Damusta saga.
8. Hróa þáttur heimiska.
9. Eiríks saga víðförla.

---

<sup>1</sup> Sbr. einnig Cederschiöld í formálanum firir Fornsögum Suðurlanda CXI. bls.

10. Stúfs saga, birjar í 18. línu á fremri blaðsíðu 44. blaðs, enn Eiríks saga víðförla endar í 17. línu sömu blaðsíðu. Ofan af þessu blaði hefur verið sneitt þannig, að meira enn helmingur af 4 hinum efstu línunum beggja megin hefur skorist burt. Verða við það eiður bæði í niðurlagi Eiríks sögu víðförla og í Stúfs sögu framarlega, sjá 2., 5., 9. og 14. neðanmálsg. við 3. bls. sögunnar. Stúfs saga endar í 28. línu á fremri blaðsíðu 45. blaðs. Þar tekur við:

11. Karls þáttur vesæla.

12. Sveinka þáttur, endar í miðju kafi, svo að auðsjeð er, að tínst hefur aftan af handritinu.

III. AM. Nr. 589, 4<sup>o</sup> virðist vera nokkru ingra enn AM. 557, 4<sup>o</sup>, líklega frá ofanverðri 15. öld. Kr. Kålund telur það ritað á 15. öld í skrá sinni og vísa jeg til lísingar hans. Í skránni er því skift í 6 parta, sem eru merktir með stafliðunum a-f, enn alt er sama handritið. Stúfs saga er aftast í staflið d, og hefur birjað á aftari blaðsíðu 48. blaðs þessa stafliðar í 19. línu, enn sú lína öll hefur verið skafin út og sömuleiðis 20. línan öll nema síðustu orðin (*»s.<sup>2</sup> stufr var«*), og síðan hefur firirsögnin *»Af Stufi Kattar syni«* verið skrifuð ofan í 19. línuna með nílegri hendi<sup>3</sup>. Sagan endar í miðju kafi neðst á aftari blaðsíðu 49. blaðs á orðunum *leid eigi langt*<sup>4</sup>. Í handritinu öllu (staflið a-f) eru þessar sögur:

1. Kirjalax saga.
2. Samsons saga fagra.
3. Valdimars saga.
4. Clarus saga.
5. Hektors saga.
6. Stúfs saga.
7. Þorsteins þáttur bæjarmagns.
8. Egils saga einhenda.
9. Hálfðanar saga Brönufóstra.
10. Álaflekks saga.
11. Hákonar þáttur Hárekssonar.

<sup>2</sup> Þetta s. á vísit að þíða sonar og svarar til (*hann var sonr Þórðar Ingunnar*) sonar í upphafi sögunnar, enn handritið hefur slept þeim orðum, sem þar fara á eftir í 533 (*ok Guðrúnar Ósvífrs dóttur*), og kemur að því leiti heim við 557 (sjá 5. sögunnar).

<sup>3</sup> Sbr. 2. sögunnar.

<sup>4</sup> Sjá 209. nmgr. sögunnar.

12. Sturlaugs saga Starfsama.

13. Göngu-Hrólf's saga.

Handritið vantar bæði upphaf og endi og inni í því eru líka eiður. Í Stúfs sögu er það náskilt AM. 557, 4°, og gera þau flokk sjer gagnvart 533, 4°, enn hvorugt þeirra er þó bein afskrift af öðru.

### B. Pappírshandrit.

Af pappírshandritum sögunnar hef jeg rannsakað þessi:

I. AM. Nr. 164 i, fol. Þetta handrit er runnið frá skinnhandritinu 557, 4°, og sjest það meðal annars á því, að það fillir eiður þessa handrits, þær sem áður var getið, af handa hófi eftir ágiskun, sem verður ljóst, þegar eiðufillingin er borin saman við 557 og hin skinnhandritin (sjá söguna bls. 94<sup>40</sup>-95<sup>65</sup> með orðamun). Sá kafli er þannig í 164 i, fol.: *ej þarftu komumadr langt at vijkja fyrir þessum gestum edr þinni setu ad bregda vid mijna komu. Stufur segir: Þat mun ek þekkiar ok þyke mier meiri virðijng ad avarpi þvilijks herra helldr en fravijsun þinni, Bondi. Þa mælti konungr: Þvi vil ek láta taka bord og sia, hvers beina vier eigum hier af Bonda at vænta, enn svo reyndest ad allsæmelig vard vidtakan af hendi bonda og var konungur þar nu med monnum sinum vel katur. Konungur mælti: Hvad heiter madr sa er mer sitr gagnvert. Það er auðsjeð, að í 557 hefur verið sama eiðan á þessum stað, eins og nú er, þegar þessi afskrift handritsins eða sú afskrift, sem hún er runnin frá, var tekin.*

II. AM. Nr. 426 fol., líka runnið frá 557, 4° og fillir eiðurnar líkt og 164 i, fol.

III. Lbs. Nr. 1488, 4°, ritað, að því er virðist, á síðara helmingi 18. aldar. Á því eru 7 sögur og er Stúfs saga hin 4. í röðinni. Þetta handrit er sömuleiðis runnið frá 557, 4°, fillir eiðurnar á líkan hátt.

IV. Ny kongelige Samling Nr. 1688, 4°, afskrift af 533, 4°.

V. Handritasafn Jóns Sigurðssonar Nr. 629, 4°, safn af 30 sögum og söguþáttum; þar af er Stúfs saga 29. í röðinni. Skrifað á Nefbjarnarstöðum í Hróarstungu 1817 af Jóhanni Árnasini. Stúfs saga þessa handrits virðist vera runnin frá 533, 4°.

VI. Ny kongel. Samling Nr. 1808, 4°, afskrift af 589 d, 4°. Birjar á orðunum: *Stúfr var mikill madr oc siónfrídr*. Sjest á því, að upphaf sögunnar aftur að þessum orðum hefur verið skafið út í 589, þegar afskriftin var tekin.

VII. Í Handritasafni hins ísl. Bókmentafjelags Nr. 91, 4° er ofurlítill snepill úr Stúfs sögu með að eins örfáum línustúfum.

Öll þessi pappírshandrit eru bersínilega runnin frá einhverju af þeim þrem skinnhandritum, sem áður voru greind, og hafa ekkert sjálfstætt gildi. Jeg hef því ekki tekið neitt tillit til þeirra við útgáfuna.

### 3. Sagan og þátturinn

Ef vjer berum saman söguna og þáttinn, leinir það sjer ekki, að hvorttveggja er í rauninni sama sagan. Efnið er hið sama í öllum aðalatriðum og víða sett fram svo að segja með sömu orðum. Annaðhvort hlítur því sagan að vera runnin frá þættinum, eða þátturinn frá sögunni. Hvort heldur sje, úr því verður ekki skorið öðruvísi enn með því að bera saman söguna og þáttinn.

Eitt hið firsta, sem þættinum og sögunni ber á milli, er það, að þátturinn segir, að Stúfr hafi verið blindur<sup>5</sup>, enn á sögunni er svo að sjá, sem hann hafi haft sjón sína óskerta í það mund, sem sagan gerist. Stúfi er list svo í sögunni, að hann hafi verið »mikill maðr ok sjónfríðr ok manna sterkastr«, enn hún getur þess hvergi nje gefur í skin, að hann hafi verið blindur, eða haft nokkurt líkamslíti. Að sagan hafi rjett firir sjer í því, að Stúfr hafi ekki verið blindur, þegar hann var með Haraldi harðráða, það virðist mega ráða af einni vísu, sem geimst hefur úr erfidrápu þeirri, sem Stúfr orti um Harald. Hann minnst þess þar, hve Haraldr konungur hafi fagnað sjer af góðum hug,

*þás blóðstara bræðir  
baugum grimmr at Haugi  
gjarn með gylldu horni  
gekk sjalfr á mik drekka.*

Varla mundi blindur maður hafa list þessu svona. Auk þess er Stúfr tiltölulega sjaldan nefndur hinn »blindi«, þar sem hans er getið í fornum ritum. Í Heimskringlu er hann nefndur á 6 stöðum, þar af á einum stað (Hkr. útg. FJ. Ill 99. bls.) »Stúfr blindi« (þó ekki í Kringlu), enn á 5 stöðum er hann ekki kallaður »blindi« Flat. getur hans á 5 stöðum án viðurnefnisins »blindi«, enn með því að eins í Stúfsþætti og á einum stað öðrum, síðar enn í þættinum. Í Mork. kemur hann

---

<sup>5</sup> Þátturinn í Flat. segir jafnvel, að hann hafi verið blindur »alla sína æfi«.

firir á 5 stöðum utan þáttarins, og er á engum þeirra nefndur »blindi«. Fagrsk. nefnir hann á einum stað hinn »blinda«<sup>6</sup>, enn á 4 stöðum án viðurnefnis. Stúfr eintómur er hann og nefndur á einum stað í Snorra Eddu (I 520. bls.) og í Laxd. 36. kap. Samt virðist hafa verið til forn sögn um það, að Stúfr hafi verið blindur, því að hann er kallaður »blindi« eigi að eins í þættinum, heldur og í báðum handritum Skáldatals (Sn. E. III 254. og 262. bls.). Líklegast virðist, að Stúfr hafi orðið blindur á gamals aldri, eftir að hann hafði verið með Haraldi harðráða, og var þá edlilegt, að viðurnefnið festist við hann, og að sú sögn gæti mindast, að hann hafi verið blindur alla æfi (sbr. Flat.).

Hvort er nú upphaflegra í þessu efni, sagan eða þátturinn? Eflaust sagan. Hún hefur geimt endurminninguna um það sannsögulega atriði, að Stúfr var ekki blindur, þegar hann kintist first Haraldi konungi. Aftur á móti hefur sá, sem bjó til þáttinn, breitt þessu, af því að honum var kunnugt um, að Stúfr var kallaður hinn blindi, og þótti það vanta í frásögn sögunnar, að tekið væri fram, að hann hefði verið blindur, þegar sagan gerðist. Hitt er miklu ólíklegra, að hin einkennilega sögn um blinduna hafi filgt þessari frásögn frá upphafi, enn verið feld úr af söguhöfundinum.

Sagan segir þegar í upphafi, að erindi Stúfs til Noregs hafi verið »að heimta dánarfje«. Athugasemdin um þetta á vel við á þessum stað, því að hún boðar fyrir fram, eins og títt er í sögum, það sem síðar segir, að ein af þeim þrem bænum, sem Stúfr bað Harald veita sjer, hafi verið að stirkja hann til að ná dánarfjenu. Þátturinn sleppir athugasemdinni hjer í upphafinu, enn annars ber honum síðar í frásögninni saman við söguna um, að Stúfr hafi beðið konung liðsinnis um dánarfjed. Varla getur leikið nokkur efi á, að sagan hefur hjer geimt hið upphaflega, enn höf. þáttarins slept úr athugasemdinni til að stitta málið, af því að honum hefur þótt nægja, að geta þess síðar, hvert erindi Stúfr átti til Noregs.

Sagan segir á 1. bls., að fjárheimta Stúfs hafi verið »*norðr í Noregi*«<sup>7</sup>. Þá segir hún svo frá utanferð Stúfs, að hann hafi »komið við Noreg um haustið«, og farið síðan »*austr sunða leiði*«, og fengið sjer farskjóta

---

<sup>6</sup> Fagrsk., útg. Munchs og Ungers, 165. k., útg. FJ. bls. 232<sup>12</sup>. Að efninu til er þetta sami staðurinn og til var færður úr Hkr. (III 99. bls.), þar sem Stúfr er nefndur hinn »blindi«.

þar sem hann gat, uns hann kom til bóndans, þar sem hann hitti Harald konung. Sagan hugsar sjer auðsjáanlega, að Stúfr hafi tekið land sunnarlega á vesturströnd Noregs og farið þaðan *austur*, þ. e. suður með landi og austur í Vík; hann fer *sunda leiði*, eða, sem nú er kallað, »innan skers«<sup>8</sup>; að líkindum fer hann þannig alt í Vík austur sjóleið, stígur þar á land og fer síðan landveg áleiðis norður (í Prándheim eða lengra norður, á Hálogaland? sbr. næstsíðustu neðanmálgrein) til að vitja fjárheimtu sinnar, eflaust um Upplönd, eins og leið liggur úr Víkinni.

Þátturinn segir, að Stúfr hafi tekið sjer vist með einum góðum bónda á *Upplöndum*, þegar hann kom til Noregs, enn getur ekkert um ferðalag hans, áður hann kom til bónda. Hjer stittir þátturinn bersínilega frásögn sögunnar, enn að hann hafi þekt söguna, það sjest á því, að hann lætur bóndann, sem Stúfr kom til, eiga heima á Upplöndum, því að það virðist vera áliktun, sem höf. þáttarins hefur dregið af því sem sagan segir um ferðalag Stúfs (*austr sunða leiði* o. s. frv.). Hjer virðist enn ljóst, að sagan er upphaflegri enn þátturinn. Aftur á móti er þátturinn í beinni mótsögn við söguna, þar sem hann síðar lætur Stúf segja konungi, að hann eigi að heimta dánarfje »í *Vík austr*«. Líklegt þikir mjer, að höf. þáttarins hafi hjer ekki haft firir sjer sjálfstæða sögn, óháða sögunni, heldur sje missögnin um þetta atriði sprottin af samskonar áliktun út af orðum sögunnar eins og kemur fram í hinu atriðinu um heimili bóndans, sem Stúfr dvaldi hjá, þegar þeir konungur hittust. Af því, sem sagan segir, að Stúfr hafi farið *austur sunða leiði*, virðist höf. þáttarins hafa áliктаð, að fjárheimta Stúfs hafi ekki verið »*norðr* í Noregi«, eins og stendur í sögunni, heldur »í *Vík austr*«.

Viðtalið milli Haralds konungs og Stúfs er að miklu leiti hið sama í þættinum og sögunni, enn þó er það bersínilegt, að þátturinn stittir frásögn sögunnar um þetta á fleirum enn einum stað. Þegar Stúfr segist vera »*Kattar son*«, spir konungur svo í sögunni: »*Hvárr var sá*

<sup>7</sup> Sbr. síðar í sögunni (bls. 101<sup>193</sup>), þar sem Stúfr segir við konung, að hann eigi dánarfje »*norðr* í landi«. Á þessum stað hefur 589: »*norðr á Hálogalandi*«, og getur verið, að það sé hinn upphaflegi texti sögunnar.

<sup>8</sup> Sbr. Egils s. útg. FJ. Kh. 1880-1888, 64. kap. 231.-232. bls.: *Fara þeir þá apr á leið, ok er þeir koma suðr um Dofrafjall, þá segir Egill, at hann vill fara ofan til Raumsdals ok síðan suðr sundaleið.*



*köttrinn, er faðir þinn var, hinn hvati eða hinn blauði?» Þátturinn hefur spurninguna þannig: Hvár<sup>9</sup> var sá köttrinn?, enn sleppir orðunum »hinn hvati eða hinn blauði«. Við þessa úrfelling verður spurning konungs í þættinum alveg óskiljanleg, nema vjer tókum söguna til samanburðar, og er ljóst, að sagan hefur hjer geimt hinn upphaflega texta, enn þátturinn stittir málið í hugsunarleisi. Af úrfellingunni leiðir og, að þátturinn sleppir því, sem næst fer á eftir í sögunni: »Þá skelldi Stúfr saman höndunum ok hló ok svaraði engu. Konungr spyrr: »At hverju hlær þú nú, Íslendingr«. Stúfr svarar: »Getið þér til, herra«. »Svá skal vera«, segir konungr. »Þér munda ek þikkja spyrja ófróðliga .... því at sá mátti eigi faðir vera, er blauðr var«. Þessi dæmi nægja til að sína, að viðtalið er frumlegra í sögunni enn í þættinum.*

Sagan segir frá því, að Stúfr hafi beðið konung þriggja bæna, áður þeir skildu. Var hin firsta sú, að hann fengi leifi til að kveða kvæði um konung, önnur, að konungur gerði Stúf að hirðmanni sínum, og hin þriðja, að konungur veitti honum liðsinni til að ná dánarfjenu. Af þessum bænum veitir konungur honum hina firstu og hina þriðju, enn frestar veitingu annarar bænarrinnar (um hirðvistina), af því að hann verði first að bera málið undir hirðmenn sína. Áður enn Stúfr ber fram firstu bænina, biður hann konung veita sjer firirfram, það sem hann ætli að biðja hann um. Því neitar konungur, og fer Stúfr síðan ekki fram á, að konungur veiti hinar bænirnar firirfram.

Þátturinn lætur Stúf biðja konung þriggja hinna sömu bæna sem sagan, og um bænheirsluna fer alveg eins og í sögunni. Enn það ber á milli, að í þættinum lofar konungur firirfram eftir tilmælum Stúfs að veita tvær af bænunum (um erfðamálið og kvæðið), enn vill ekki lofa hinu sama um þriðju bænina (um hirðvistina). Í nánú sambandi við þetta stendur bersínilega það, að þátturinn greinir bænirnar í annari röð enn sagan, tekur first þær bænir, sem konungur lofar að veita óheirðar (um erfðamálið og kvæðið), enn síðast þá bæn, sem konungur vill ekki veita firirfram (um hirðvistina), enda verður sú reindin á, að hann frestar að segja af eða á um þá bæn líkt og í sögunni. Það liggur í augum uppi, að frásögnin er hjer upphaflegri í sögunni, og að höf. þáttarins hefur vikið henni við til að sína getspeki og viturleik Haralds konungs.

Sögunni og þættinum ber ekki saman um tölu þeirra flokka, sem

<sup>9</sup> Þannig (ekki: *hverr*) stendur í öllum handritum þáttarins.

Stúfr kvað fyrir konungi við þetta tækifæri. Sagan, eins og hún er til vor komin, segir, að þeir hafi verið 60, enn þátturinn að eins 30<sup>10</sup>. Hjer virðist líklegt, að þátturinn hafi geimt hina upphaflegu tölu, enn sögutextinn íkt hana lil að gera mikið úr fróðleik Stúfs. Af þessu verður engan veginn leidd sú áliktun, að þátturinn sje í heild sinni upphaflegri enn sagan, heldur að eins, að talan á þessum stað hafi aflagast í sameiginlegu frumriti söguhandrita þeirra, sem vjer nú höfum, enn haldist óbreitt í þættinum, eins og hún var í hinu upphaflega frumriti sögunnar, sem bæði söguhandritin og þátturinn eru runnin frá. Þess ber að gæta, að þátturinn er til í miklu eldri handritum enn sagan. Hrokkinskinna mun að vísu vera hjer um bil jafnaldra elsta handriti Stúfs sögu (AM. 533, 4°), enn Hulda er talsvert eldri (frá 14. öld að dómi Kr. Kálunds) og sömuleiðis Flat., enn elsta handrit af þættinum er þó Morkinskinna (rituð seint á 13. öld). Er því engin furða, þó að þátturinn hafi varðveitt hinn upphaflega texta á þessum eina stað.

Fleiri smáatvik eru það, sem söguna og þáttinn greinir á um, enn þau skifta ekki máli. Það sem jeg hef tekið fram, virðist nægja til að sanna, að sagan er að öllu samtöldu upphaflegri enn þátturinn, og er frumrit hans.

Frá upphafi virðist sagan ekki hafa staðið í neinu sambandi við Haralds sögu harðráða eða þann sagnabálk Noregskonunga, sem geimst hefur í Morkinskinnu og hinum handritunum, sem þátturinn stendur í. Í þeim 3 skinnhandritum, sem til eru af sögunni kemur hún fram sem algjörlega sjálfstæð saga, þó að stutt sje, og í engu þeirra stendur Haralds saga. Aftur á móti er þátturinn ekki til öðruvísi enn í sambandi við Haralds sögu harðráða í sagnabálki Noregskonunga. Þetta stirkir þá niðurstöðu, sem vjer höfum að komist, að sagan sje eldri enn þátturinn.

Hvenær sagan hafi verið innlimuð í Haralds sögu sem sjerstakur

---

<sup>10</sup> Svo Hulda og Hrokkinskinna, enn Morkinskinna og Flat, hafa »X« (= tíu); Flat. bætir því við, að Stúfr hafi sagt konungi, að hann hefði ort alla flokkana sjálfur (í Mork. er eiða fyrir þessu - handritið skaddað - enn eflaust hefur hún haft sama texta og Flat.). Þessi viðbót Flat. (og Mork.?) er án als efa síðari íauki, líkt og það í Flat., að Stúfr hafi verið blindur »alla æfi«, og hefur sá, sem jók, lækkað flokkatöluna um leið, af því að honum hefur þótt ólíklegt, að Stúfr hafi kveðið fyrir konungi fleiri flokka *eftir sjálfan sig* enn tíu.

Þáttur, er ervitt að segja með fullri vissu. Það eitt er víst, að það hefur orðið nokkru fir enn Morkinskinna, elsta handrit þáttarins, var skrifuð, því að öll handrit af þættinum stafa frá einu sameiginlegu frumriti, sem hlítur að vera eldra enn Morkinskinna. Nú er Morkinskinna rituð í lok 13. aldar, og hlítur því þátturinn að hafa orðið til nokkru firir þann tíma, enn hve löngu fir, er vafasamt. Dálitla bending í þessu efni gefur ef til vill ein lítil athugasemd, sem er einkennileg firir þáttinn og eflaust aukið inn af höfundi hans, því að hún stendur ekki í sögunni. Það er athugasemdin um, að faðir Stúfs hafi verið Þórðr kötttr, »er Snorri goði fósttraði«. Að vísu sleppir Flat. þessum orðum (er Sn. goði fósttraði), enn á því getur enginn efi leikið, að þau eru upphafleg í þættinum, því að þau standa svo í Morkinskinnu, Huldu og Hrokkinskinnu. Þau koma heim við Laxd. (útg. Kr. Kálund's í Altn. Sagabibl.) k. 36, 2-5, sem segir, að Snorri goði hafi boðið Guðrúnu Ósvífrsdóttur að fósttra Þórð son hennar, sbr. k. 63, 19 (Þórðr Þórðarson, fósttra Snorra goða). Líklegt þikir mjer, að höf. þáttarins hafi tekið þessa athugasemd eftir Laxd. Ef svo er, þá er þátturinn ingri enn Laxd., enn sú saga er að öllum líkindum skrásett um 1230<sup>11</sup>. Vjer komumst þá að þeirri niðurstöðu, að þátturinn sje til orðinn og innlimaður í Haralds sögu einhverntíma á árunum frá c. 1230 til c. 1280, eða segjum um miðja 13. öld.

Nokkru eldri hlítur sagan að vera. Virðist því líklegt, að hún sje færð í letur á firra helmingi 13. aldar. Í niðurlagi sögunnar kemur firir orðið *æfintýr*, sem varla hefur komist inn í málið fir enn á síðara helmingi 13. aldar. Enn vel getur verið, að það sje ekki upphaflegt í sögunni, heldur sett inn af afritara.

---

<sup>11</sup> Sjá Laxd., útg. Kr. Kálund's, Kaupmannahöfn 1889-1891, formálann, á XLV.-XLVI. bls.

#### 4. Útgáfan.

Við útgáfuna hefur handritið AM. 533, 4<sup>o</sup> verið lagt til grundvallar, og er textinn prentaður stafmjett eftir handritinu, að öllu öðru enn því, að leist er úr böndum og bætt við greinarmerkjum, og upphafsstafir settir í eiginnöfnum og á eftir púnkt. Þess ber að geta, að band það, sem táknar samstöfuna *ur*, hef jeg alstaðar ritað *ur*, og hefði þó verið samkvæmara rithætti handritsins að tákna það með *vr*, því að handritið hefur *v* víðast hvar, bæði fyrir *u* og *v*; enn mjer þótti skírara að hafa *ur*, því að með því móti má ganga að því vísu, þar sem *ur* kemur fyrir, að þar er samstafa þessi bundin í handritinu, enda stendur slíkt á litlu, því að enginn efi getur á því leikið, að framburður ritarans var *-ur*, einnig þar sem gamla málið hafði *-r* í enda orðs<sup>12</sup>. Víðar er það, þar sem leist er úr böndum, að jeg hef sett *u*, þar sem samkvæmara hefði verið rithætti handritsins að setja *v*. Á stöku stað hef jeg vikið frá handritinu, þar sem mjer fanst hin handritin hafa rjettara, enn þess er alstaðar getið neðanmáls.

Orðamunur er greindur neðanmáls eftir hinum skinnbókunum, og hef jeg tekið alt með, sem þær hafa öðruvísi enn 533, nema þar sem að eins er um mismunandi stafsetning að ræða. Í orðamuninum er haldið því, sem einkennilegt er í rithætti handritanna.

*Skammstafanir* í orðamuninum:

b. v. = bætir við.

sl. = sleppir.

v. = vantar.

---

<sup>12</sup> Sbr. ritháttinn »önnr« í sögunni bls. 100<sup>162</sup>.

---

**Saga Stúfs<sup>1</sup>**

**Frá Stvf Kattar syne<sup>2</sup>**

Madur het<sup>3</sup> Stvfur, hann var sonur Þordar kattar, en hann var sonur Þordar Ingvinnar<sup>4</sup> sonar [ok Gvdrvinnar Osvívvu dottur<sup>5</sup>. Stvfur var mikill madr ok sionfridr ok<sup>6</sup> manna sterkastur, hann var skalld gott ok diarfmælltur; hann fór vtan<sup>7</sup>, þviat<sup>8</sup> hann atti at heimta [danar fe<sup>9</sup> nordur<sup>10</sup> i Noregi. Þeir komo<sup>11</sup> [við Noreg<sup>12</sup> [vm havstid<sup>13</sup>. Sidan fór hann avstur svnda leidi ok feck sier<sup>14</sup> faraskiota<sup>15</sup> þar<sup>16</sup> sem hann gat. Þat var einn dag, at hann [kom til bonda nökkurs ok tok sier þar herbergi<sup>17</sup>. Þar var vel við hanum tekit. [Sat hann<sup>18</sup> j gegn bonda. Ok

---

<sup>1</sup> Ifirskriftin tekin eftir 557, og stendur hún þar þó ekki, þar sem sagan birjar, á fremri blaðsíðu 44. blaðs í 18. línu, heldur efst á sömu bls. fyrir ofan niðurlagið á Eiríks sögu víðförla, sem tekur upp 17 efstu línurnar. Ifirskriftin virðist vera með sömu hendi og þeirri, sem ritað hefur Stúfs sögu, og virðist ritarinn hafa skrifað hana á þennan stað til að leiðbeina þeim, sem átti að lisa (»illuminera«) bókina síðar meir, því að eíða er fyrir ifirskrift, þar sem sagan birjar.

<sup>2</sup> Þessi ifirskrift og upphafsstafur næstu línu með rauðu bleki í 533. *Af Stufi Kattar syni* 589 með nilegri hendi; í því handriti er upphaf sögunnar (aftur að *Stvfur var mikill madr*) skafið út að þessi ifirskrift rituð ofan í.

<sup>3</sup> *er nefndr* 557.

<sup>4</sup> *Ingvanns* 557.

<sup>5</sup> sl. 557.

<sup>6</sup> sl. 557.

<sup>7</sup> *til Noregs* b. v. 589.

<sup>8</sup> *þvi* 557.

<sup>9</sup> *danar arf* 557; *arf* 589.

<sup>10</sup> sl. 589.

<sup>11</sup> *koma* 557.

<sup>12</sup> *til Noregs* 589.

<sup>13</sup> sl. 557, 589.

<sup>14</sup> *þar* b. v. 589.

<sup>15</sup> »*faraskiota*« 589.

<sup>16</sup> sl. 557.

<sup>17</sup> *tok ser herbergi at bonda eins* 557; *tok ser herbergi hia einum bonda* 589.

er menn biðggvz til matar þa var [bonða sagt<sup>19</sup>, at [menn margir<sup>20</sup> ridv at bænm<sup>21</sup> ok væri borit merki fyrir [einvm manni<sup>22</sup>. Bondi stod vpp ok mælti: Göngvm<sup>23</sup> vt allir, [þviat her mvn kominn vera Haralldr konungr<sup>24</sup>. Allir menn gengv<sup>25</sup> vt nema Stvfur [einn, hann sat<sup>26</sup> eptir, ok þa er þeir komo vt, brvnadi merkit at þeim ok þar [med konungr sialfur<sup>27</sup>. Bondi fagnadi vel<sup>28</sup> konungi ok mælti: Eigi mvn nv, herra, [verða við yður tekit<sup>29</sup> sem [vera ætti<sup>30</sup>; mvndi þa<sup>31</sup> verða med litilli [kunnandi við yður tekit, ef<sup>32</sup> ver hefdvm vitad fyrir ydra kvomu, en [þo nv<sup>33</sup> med miclv minna moti er þer komid<sup>34</sup> a ovart. Konungr svarar<sup>35</sup>: Ecki mvn ek yður [nv þat<sup>36</sup> sva vant gera, [þa er ver förvm hleyppi-ferdir slikar, sem<sup>37</sup> þa er ver förvm [at veizlv<sup>38</sup> [þeim er<sup>39</sup> menn skulv<sup>40</sup> gera j moti oss<sup>41</sup>. Skulv nv vorir menn starfa fyrir

---

<sup>18</sup> hann sat 557, 589.

<sup>19</sup> sagt bonða enn 557; sagt bonða 589.

<sup>20</sup> margir menn 557, 589.

<sup>21</sup> gardi 557.

<sup>22</sup> manni 557; sl. 589.

<sup>23</sup> þa b. v. 557, 589.

<sup>24</sup> Haraldr konungr mun þa kominn 557, 589.

<sup>25</sup> ganga þa 589.

<sup>26</sup> einn sat 557.

<sup>27</sup> fylgdi sjalfr konungurinn Haraldr Sigurdar son 557; fylgdi sjalfr Haraldr konungr 589.

<sup>28</sup> Haraldr b. v. 589.

<sup>29</sup> þann veg verða tekit við ydr 557, 589.

<sup>30</sup> makligt er 557; makligt væri 589.

<sup>31</sup> þo 589.

<sup>32</sup> kunnandi (kunnendi 557) at 557, 589.

<sup>33</sup> nu mun þo 557; þo mun nu 589.

<sup>34</sup> komut 557, 589; svo miog b. v. 589.

<sup>35</sup> mælti 557.

<sup>36</sup> þat nu 557; þat 589.

<sup>37</sup> er þat nu á annan veg, enn 557; er þat annan veg 589.

<sup>38</sup> æ veizlur 557, 589.

<sup>39</sup> at 557, þær er 589.

<sup>40</sup> sl. 557, 589.

sier sialfir, [enn vid mvnvm<sup>42</sup> ganga jnn, bondi<sup>43</sup>. Þeir gera nv sva. Þa mælti bondi vid Stvf: Nv mvntv verda, [felagi, ath þoka<sup>44</sup> fyrir þeim [er kominn er<sup>45</sup>. Ek<sup>46</sup> ætla mer þat skam(m)laust<sup>47</sup>, [þo at ek siti vtar<sup>48</sup> en konungr<sup>49</sup>, [segir Stvfur<sup>50</sup>, edur menn<sup>51</sup> hans<sup>52</sup>. En þarfleysa þotti mer þer<sup>53</sup> at hafa þat at öngv er þv mæltir. [Haralldur konungr mælti<sup>54</sup>: Ok [her er<sup>55</sup> kominn [[islenskur madr; [þat horfir<sup>56</sup> til gamans, ok sit j rvmi þinv, Islendingur<sup>57</sup>. Stvfur<sup>58</sup> svarar<sup>59</sup>: Þat mvn ek þiggia<sup>60</sup> ok þicki mer [[miclv meiri sæmd [at þiggia af ydur<sup>61</sup> en af bonda<sup>62</sup>. Konungr mælti: Nv vil ek lata<sup>63</sup> taka bord, ok [[fari menn at<sup>64</sup> mataz, enn menn minir [skulv ganga<sup>65</sup> vndir bord sem þeir verda<sup>66</sup>

<sup>41</sup> *enn nu er ver förum hleypi-ferdir slíkar* b. v. 557, 589.

<sup>42</sup> *nu munum vid* 557.

<sup>43</sup> *segir konungr* b. v. 557, 589.

<sup>44</sup> *at þocka (!) felagi* 589.

<sup>45</sup> *sem (er 589) komnir eru* 557, 589.

<sup>46</sup> *þvi at ek* 589.

<sup>47</sup> *segir Stufur* b. v. 557, og sl. sömu orðum rjett á eftir.

<sup>48</sup> *at skipa vtar rum* 557; *þo at ek skipa þer vtar rum* 589.

<sup>49</sup> *konungi* 589.

<sup>50</sup> sl. 557, 589.

<sup>51</sup> *mönnum* 589.

<sup>52</sup> *en Stufur svarar* b. v. 589.

<sup>53</sup> *vera* b. v. 557; *í vera* b. v. 589.

<sup>54</sup> *Þa mælti konungr* 589.

<sup>55</sup> *er her* 589; *er* sl. 557.

<sup>56</sup> *ok horfir þat* 589.

<sup>57</sup> sl. 589.

<sup>58</sup> *hann* 589.

<sup>59</sup> v. í 557 sakir eiðu, sem stafar af því, að meira enn helmingur af þessari línu og þrem hinum næstu er skorinn burt úr hdr.

<sup>60</sup> *þekkjaz* 557, 589.

<sup>61</sup> *af ydr at þiggia þetta* 589.

<sup>62</sup> *skorið burt í* 557.

<sup>63</sup> *upp* b. v. 589.

<sup>64</sup> sl. 589.

<sup>65</sup> *gangi* 589.

[til *bvnir*<sup>67</sup>. Nv var sva gert [sem konungr villdi<sup>68</sup>. En sva reyndiz<sup>69</sup> at [[bondi atti gnott<sup>70</sup> dryckiar ok vrdv<sup>71</sup> menn vel katir<sup>72</sup>. Konungr spyr<sup>73</sup>: Hvat heitir madr sia<sup>74</sup> er mer situr gagnvert<sup>75</sup>? Hann svarar: Stvfur heiti ek. Konungr mælti: [Kynlikt nafn! Eda<sup>76</sup> hvers son ertv? [Stvfur svarar<sup>77</sup>: Kattar son em ek. Konungr spyr<sup>78</sup>: Hvor var sa katturinn<sup>79</sup> [er fadir þinn var<sup>80</sup>, hinn hvati eda hinn blavdi? Þa skelldi Stvfur saman höndvnm ok hlo ok svaradi<sup>81</sup> avngvo. Konungr spyr<sup>82</sup>: At hveriv hlær þv nv, Islendingr? [Stvfur svarar<sup>83</sup>: Getid þer til, herra. Sva skal vera, segir<sup>84</sup> konungr. Þer mundi [ek þickia<sup>85</sup> spyrja ofroðlíga [[er ek spurdi<sup>86</sup> hvor sa væri<sup>87</sup> katturinn, er fadir þinn var, [hinn hvati eda hinn blavdi<sup>88</sup>, þviat sa matti eigi<sup>89</sup> fadir vera er blavdur var. Stvfur mælti: Rett getid þer<sup>90</sup>, herra. Þa setti enn hlatur at Stvf<sup>91</sup>.

---

<sup>66</sup> skorið burt í 557 ásamt 2 firstu stöfunum af næsta orði (*bunir*).

<sup>67</sup> (bu)nir til 557.

<sup>68</sup> sl. 557, 589.

<sup>69</sup> til b. v. 589.

<sup>70</sup> godz b. v. 589.

<sup>71</sup> skorið burt í 557.

<sup>72</sup> *gladir* 589.

<sup>73</sup> *mælti* 557.

<sup>74</sup> *sa* 557.

<sup>75</sup> *gagnvart* 589.

<sup>76</sup> sl. 589.

<sup>77</sup> *hann segir* 557.

<sup>78</sup> *mælti* 589.

<sup>79</sup> *köttur* 557, 589.

<sup>80</sup> í 589 standa þessi orð á eftir *hinn blavdi*.

<sup>81</sup> *svarar* 589.

<sup>82</sup> *mælti* 557, 589.

<sup>83</sup> *hann mælti* 557, 589.

<sup>84</sup> *sagði* 589.

<sup>85</sup> *þickia ek* 589.

<sup>86</sup> sl. 589.

<sup>87</sup> *var* 589.

<sup>88</sup> sl. 557; sl. 589.

<sup>89</sup> sl. 589.



Konungr spurdi<sup>92</sup>: Hvi<sup>93</sup> hlær þv nv, Stvfur? Getid þer enn<sup>94</sup> til, herra. Sva skal vera, segir konungr. Þess get ek<sup>95</sup>, at þv mvndir þvi<sup>96</sup> ætla at svara mer, at fadir minn var eigi<sup>97</sup> svin, þo at hann væri syr kalladur, en [ek mvndi þvi leita<sup>98</sup> [þessa dæma<sup>99</sup>, at ek ætlada, at þv mvndir eigi diörfung<sup>100</sup> til hafa at svara mer þessv, allz<sup>101</sup> ek matta<sup>102</sup> þat vita, ath fadir þinn mundi eigi kattur vera, þo at hann væri sva kalladur. Stvfur qvad [hann rett geta<sup>103</sup>. Þa mælti konungr: Sit heill, Islendingur. Stvfur svarar: Sit allra konunga heilaztur. Sidan [drack konungr<sup>104</sup> ok<sup>105</sup> talar vid<sup>106</sup> þa menn<sup>107</sup>, er satv a tvær hendur hanum. Ok<sup>108</sup> er a<sup>109</sup> leid kvelldit, mælti konungr: Ertu [nöckur frædi madr<sup>110</sup>, Stvfur? [Sva er vist, herra, segir hann<sup>111</sup>. | Konungr mælti<sup>112</sup>: Þa ber vel til<sup>113</sup>. Vil ek þa, bondi<sup>114</sup>, snemma ganga at sofa<sup>115</sup>, ok lat Jslending [j

---

<sup>90</sup> nu b. v. 589.

<sup>91</sup> hanum 557, 589.

<sup>92</sup> mælti 557, 589.

<sup>93</sup> þvi 533, 557; at hveriu 589.

<sup>94</sup> Svo 557, 589; sl. 533.

<sup>95</sup> til b. v. 557.

<sup>96</sup> sl. 589.

<sup>97</sup> sl. 557; kalladr b. v. 589.

<sup>98</sup> Svo 557, 589; þvi leita ek 533.

<sup>99</sup> dæmanna 589.

<sup>100</sup> frama 557, 589.

<sup>101</sup> ok 557, 589.

<sup>102</sup> mætta 557, 589.

<sup>103</sup> sva rett vera 557, 589.

<sup>104</sup> drekkur hann 557; drakk Haralldr konungr 589.

<sup>105</sup> konungr 557.

<sup>106</sup> ok gladdi b. v. 589.

<sup>107</sup> sl. 557, 589.

<sup>108</sup> enn 557, 589.

<sup>109</sup> sl. 589.

<sup>110</sup> fræda madr 557; nokkut frodmenni 589.

<sup>111</sup> hann svarar: ek em vist (vist er eg 589) frodr madr 557, 589.

<sup>112</sup> þa mælti konungr 557; sl. 589.

<sup>113</sup> segir konungr b. v. 589.

þvi herbergi hvila<sup>116</sup>, sem ek sef j<sup>117</sup>. Nv var sva gert. Ok er konungr var afklæddur, mælti hann: Nv skaltv kveda kvædi<sup>118</sup>, Stvfur, ef þv ert [frædi madr<sup>119</sup>. Stvfur<sup>120</sup> kvad kvædi<sup>121</sup>, ok er lokit var, mælti konungr: Kvedtv enn<sup>122</sup>. Sva for leingi, at konungr bad hann kveda, þegar hann þagnadi<sup>123</sup>, ok allt þar til er [allir menn<sup>124</sup> varo sofnadir<sup>125</sup> j herbergínv nema þeir tveir, ok leingi sidan. Þa mælti konungr: Veiztv<sup>126</sup> hversv morg kvædi þv hefir kvedit, Stvfur<sup>127</sup>? Þvi<sup>128</sup> fer fíarri, segir Stvfur, [ok ætlada<sup>129</sup> ek ydur þat<sup>130</sup> at telía, herra<sup>131</sup>. Ek hefir nv ok<sup>132</sup> sva gert, [segir konungr<sup>133</sup>. Þv hefir nv kvedit .lx. flocka<sup>134</sup>. Eda kantv [eigi kvædi vtan flocka eína<sup>135</sup>. Stvfur svarar: Eigi er sva, herra. Ek hefir eigi<sup>136</sup> halfkvedit flockana, en ek kann þo<sup>137</sup> halfv fleiri drapvrnar [en flockana<sup>138</sup>. Konungr spyr<sup>139</sup>: Hverivm ætlar þv at

<sup>114</sup> sl. 557, 589.

<sup>115</sup> *bondi* b. v. 557, 589.

<sup>116</sup> *þar* (sl. 589) *sofa i þvi herbergi* 557, 589.

<sup>117</sup> sl. 557.

<sup>118</sup> *kvædit* 557.

<sup>119</sup> *frodr* 557, 589.

<sup>120</sup> *hann* 557, 589.

<sup>121</sup> *Svo* 589; *kvædit* 533, 557.

<sup>122</sup> *sidan kvad hann* b. v. 557, 589.

<sup>123</sup> *þagdi* 557.

<sup>124</sup> sl. 589.

<sup>125</sup> *allt var sofnat* 557.

<sup>126</sup> *nv* b. v. 557, 589.

<sup>127</sup> sl. 557.

<sup>128</sup> *þat* 557, 589.

<sup>129</sup> *ætla* 557, 589.

<sup>130</sup> sl. 557, 589.

<sup>131</sup> sl. 557, 589, enn b. v.: *Konungr mælti*.

<sup>132</sup> *Svo* 557, 589; sl. 533.

<sup>133</sup> sl. 557, 589.

<sup>134</sup> *kvæda ok eru flokkar einir* 557, 589.

<sup>135</sup> *eingi kvædi nema flokka* 557, 589.

<sup>136</sup> sl. 589.

<sup>137</sup> sl. 557.

kveda drapvnrar, er þv kvedur mer<sup>140</sup> flokkana eína<sup>141</sup>. Stvfur svarar: Fyrir ydur, herra, [ætla ek at kveda<sup>142</sup>. Nær þa? sagdi<sup>143</sup> konungr. [Odrv sinni<sup>144</sup>, er vid finnumzt, [segir Stvfur<sup>145</sup>. Hvi<sup>146</sup> þa helldur en nv? sagdi<sup>147</sup> konungr. [Stvfur svarar<sup>148</sup>: Þvi þa, herra<sup>149</sup>, at þetta sem allt annat reyndiz ydur [þvi meira<sup>150</sup> hattar vm mik [sem þier vitid giör<sup>151</sup>. Konungr mælti: Stor ord hitter þv til at mæla, hver sem ravn verður a þinv malí. Enn sofa vil ek nv fyst. [Ok sva var<sup>152</sup>. En<sup>153</sup> vm morgvinn, er konungr var klæddur ok geck ofan eptir ridinv<sup>154</sup>, [geck Stvfur<sup>155</sup> j mot hanum ok kvaddi hann: Haf godan dag<sup>156</sup>, herra. Konungr svarar: Vel mælir þv<sup>157</sup>, Islendingur, ok vel<sup>158</sup> skemtir þv j gærkvellid. Stvfur mælti: Þer þagud vel, herra. Enn bidia mvn<sup>159</sup> ek ydur nv<sup>160</sup> bænar, [ok villda ek at þer veittid mer<sup>161</sup>. Konungr svarar:

<sup>138</sup> sl. 589.

<sup>139</sup> mælti 557, 589.

<sup>140</sup> Svo 557, 589; sl. 533.

<sup>141</sup> sl. 557, 589.

<sup>142</sup> sl. 557, 589.

<sup>143</sup> segir 589.

<sup>144</sup> annat sinn 589.

<sup>145</sup> sl. 557.

<sup>146</sup> Svo 557; þvi 533, 589.

<sup>147</sup> segir 589.

<sup>148</sup> sl. 557.

<sup>149</sup> segir Stufur b. v. 557.

<sup>150</sup> »mejr æ« 557.

<sup>151</sup> þa (sl. 589) er þer reyndit (reynit 589) giör 557, 589.

<sup>152</sup> sl. 557, 589.

<sup>153</sup> Ok 557, 589.

<sup>154</sup> ridvm, enn þa 557; loptridinu 589.

<sup>155</sup> Stufur gekk 589.

<sup>156</sup> myrgin 557; morgen 589.

<sup>157</sup> sl. 589.

<sup>158</sup> allvel 557, 589.

<sup>159</sup> villda 557; vil 589.

<sup>160</sup> sl. 557, 589.

<sup>161</sup> sl. 589.

Hvers villtu bidía? Stvfur<sup>162</sup> svarar: Þat þickir<sup>163</sup> mer hallkvæmra, at þer iatid adur. Konungr svarar: Ecki em ek þvi vanur at veita þat er ek veit eigi hvers bedit er. Stvfur mælti<sup>164</sup>: Segia mvn þa verda. Ek vil at þer [leyfit mer<sup>165</sup> at kvæda<sup>166</sup> vm ydur kvædi. Konungr spyr<sup>167</sup>: Ertv skalld? Stvfur<sup>168</sup> svarar: Ek em gott skalld. Konungr spyr<sup>167</sup>: Er nöckud skallda kyn at þier? Stvfur<sup>168</sup> svarar: Glvmur Geírason var fodur fadir [fodur<sup>169</sup> mins<sup>170</sup>, ok morg önnr<sup>171</sup> god<sup>172</sup> skalld hafa verid j [minni ætt<sup>173</sup>. Konungr mælti: Ef þv ert<sup>174</sup> slikt skalld sem Glvmur [Geira son<sup>175</sup> var, þa mvn<sup>176</sup> ek lofa þer at kvæda vm mic. Stvfur svarar: Miclv [kved ek betur<sup>177</sup> en Glvmur. Konungr mælti: Yrk þv þa. Eða hefir þv nöckud kvædi [ort fyrri<sup>178</sup> vm tígna<sup>179</sup> menn? [Stvfur svarar<sup>180</sup>: At sidur hefí ek kvædi<sup>181</sup> ort vm tígna<sup>182</sup> menn, at ek hefur öngvan tíginn<sup>183</sup> mann sied fyrr en ydur. Konungr mælti: Þat mvnv svmir menn mæla, at þv reynir framarliga [til vm<sup>184</sup> frvmsmidina, ef þv

<sup>162</sup> hann 557, 589.

<sup>163</sup> þætti 557, 589.

<sup>164</sup> svarar 557, 589.

<sup>165</sup> leyfðit 589.

<sup>166</sup> ek kvæda 557, 589.

<sup>167</sup> mælti 557, 589.

<sup>168</sup> hann 557.

<sup>169</sup> fedr 557.

<sup>170</sup> Svo 557, 589; minn 533.

<sup>171</sup> Svo 533.

<sup>172</sup> Stendur í 557 á eftir *verid*, enn í 589 á eftir *hafa*.

<sup>173</sup> ætt minni 557, 589.

<sup>174</sup> værir 557, 589.

<sup>175</sup> sl. 589.

<sup>176</sup> munda 557, 589.

<sup>177</sup> betr kved ek 557, 589.

<sup>178</sup> fyrr ort 557; yrkt fyr 589.

<sup>179</sup> tignar 589.

<sup>180</sup> sl. 589.

<sup>181</sup> sl. 557, 589.

<sup>182</sup> tignar 589.

<sup>183</sup> tignar 589.

kvedur vm mic fystann. Þar mvn ek þo<sup>185</sup> ahætta, segir Stvfur, en þo vil ek enn bidía ydur fleira<sup>186</sup>. Hvers villtv nv bidia<sup>187</sup>. Stvfur mælti: Ek [vil bidia ydur<sup>188</sup> [at þer gerid<sup>189</sup> mic hirdmann ydarn<sup>190</sup>. [Konungr svarar<sup>191</sup>: Þat ma ecki sva skiott gerazl<sup>192</sup>, þviat þar verd ek [at hafa vid<sup>193</sup> [rad ok samþycki<sup>194</sup> hirdmanna minna. Enn helldur mvn ek flytia mal þitt. Stvfur mælti: Bidia vil ek [enn fleira<sup>195</sup>, herra. Eda hvort vilid þer nv<sup>196</sup> veita mer þat er ek bidur nv<sup>197</sup>. Konungr spyr<sup>198</sup>: Hvers villtv nv bidia? Stvfur svarar: At þer latid gera mer bref vndir<sup>199</sup> [ydrv inscigle<sup>200</sup>, at ek næ danarfe minv, er ek æ nordur [j landi<sup>201</sup>. Konungr spvrði<sup>202</sup>: Hvi<sup>203</sup> badtv mic þessa<sup>204</sup> sidazt, er þer var naudsvnlígazt at þiggia, ok mvn ek þetta veita þer. Stvfur svarar<sup>205</sup>: Hier þotti mer minzt [vid liggia<sup>206</sup>. Sidan skildv þeir ok for konungurinn<sup>207</sup> leidar sinnar, en Stvfur for sinna erenda. Ok [eigi

<sup>184</sup> sl. 557, 589.

<sup>185</sup> sl. 557, 589.

<sup>186</sup> sl. 557; herra 589.

<sup>187</sup> segir konungr b. v. 589.

<sup>188</sup> villda 557, 589.

<sup>189</sup> gerdit 557.

<sup>190</sup> gíoraz hirdmadr yd(a)r 589.

<sup>191</sup> mælti 557; sl. 589.

<sup>192</sup> segir konungr b. v. 589.

<sup>193</sup> vid at hafa 589.

<sup>194</sup> Svo 557, 589; samþycki 533.

<sup>195</sup> ydr enn 557, 589.

<sup>196</sup> sl. 557, 589.

<sup>197</sup> enn 557.

<sup>198</sup> mælti 557, 589.

<sup>199</sup> med 557, 589.

<sup>200</sup> innsigli ydru 589.

<sup>201</sup> æ Halogalandi 589.

<sup>202</sup> mælti 557.

<sup>203</sup> Svo 557; þvi 533, 589.

<sup>204</sup> þess 589.

<sup>205</sup> mælti 557, 589.

<sup>206</sup> undir, hvart þer veittit mer þetta eda eigi 557, 589.

lidv<sup>208</sup> langar stvndir<sup>209</sup>, adur Stvfur hitti Haralld konung nordur j Kavpangi. Hann geek jnn j dryckív stofvna<sup>210</sup>, þar sem Haralldur<sup>211</sup> konungr [sat jnni<sup>212</sup> og mart annat dyrra manna hia hanum. Stvfur kvaddi konunginn. [En hann svarar<sup>213</sup>: Er Stvfur þar kominn, vinur vor? Sva er, herra, segir hann, ok nv hefir ek kvædit at færa ydur<sup>214</sup>, ok vil ek nv hafa hliod. Konungr segir<sup>215</sup>: Sva skal [nu ok<sup>216</sup> vera. Enn ætla mattv, at ek mvn eigi ovandur vera<sup>217</sup> at kvædi þínv, þviat ek kann allglökt til<sup>218</sup> at heyra. Hefir þv adur borid [mikit hool<sup>219</sup> æ vm kvedskap<sup>220</sup> þinn ok talad vm framarliga. Stvfur svarar<sup>221</sup>: Þvi vænna horfir mer, herra<sup>222</sup>, sem þer kvnnid gior at heyra. Sidan qvad hann kvædit. Ok er lokit var, þa mælti konungr: Satt er þat, at [kvædit er allvel<sup>223</sup> kvedit, ok ek skil nv<sup>224</sup>, [hver efni j eru<sup>225</sup> vm [þitt mal<sup>226</sup>, at þv mvnt eiga mikit vndir þer vm vitzmvni. En þv hefir gert til gamans þer at eiga tal vid mic. Skal þer<sup>227</sup> ok kostur hirdvistar<sup>228</sup> ok at<sup>229</sup> vera

---

<sup>207</sup> konungr 557.

<sup>208</sup> lidu eigi 557.

<sup>209</sup> leid eigi langt 589, og endar það handrit á þeim orðum.

<sup>210</sup> stofu 557.

<sup>211</sup> sl. 557.

<sup>212</sup> sl. 557.

<sup>213</sup> konungr mælti 557.

<sup>214</sup> herra b. v. 557.

<sup>215</sup> mælti 557.

<sup>216</sup> Svo 557; sl. 533.

<sup>217</sup> sl. 557.

<sup>218</sup> sl. 557.

<sup>219</sup> mikla alma 557.

<sup>220</sup> skalldskap 557.

<sup>221</sup> mælti 557.

<sup>222</sup> segia at allvel er kvædit 557.

<sup>223</sup> sl. 557.

<sup>224</sup> hvert efni í er 557.

<sup>225</sup> mal þitt 557.

<sup>226</sup> Svo 557; t (að eins þessi eini stafur) 533.

<sup>227</sup> nu b. v. 557.

<sup>228</sup> at giorazt hirdmadr minn 557.

med oss, ef þv villt. Sidan gerdizt Stvfur hirdmadr Haralldz konungs ok var med hanum leingi, ok þotti [hann vera vitur madur ok vinsæll<sup>230</sup>. Drapa þessi, [er Stvfur kvad ok orti vm konung, var köllud Stvfs drapa. Ok lykur hier þessv æfintyri<sup>231</sup>.

---

<sup>229</sup> sl. 557.

<sup>230</sup> *forvittr ok manna vinsælaztr* 557.

<sup>231</sup> *var köllut Stvfs drapa, er hann orti um Haralld konung Sigurdar son. Ok hverfum ver þar fra þessi rædu, at gud gæti vor allra. Þetta er klokt ævintyr* 557.